





SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2025 – 2026



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2025 – 2026

GUÐNI TÓMASSON

FRAMKVÆMDASTJÓRI
SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS



Kæri tónlistarunnandi.

Það er með stolti og ánægju sem Sinfóníuhljómsveit Íslands kynnir nýtt tónleikaár fyrir gestum sínum. Efnisskráin 2025–2026 er glæsileg og metnaðarfull og frábær hópur einleikara, hljóm-sveitarstjóra og annarra listamanna kemur til samstarfs við okkar dýrmætu hljómsveit.

Sinfóníuhljómsveit Íslands er þjóðareign og það er okkur annt um; hún skipar lykilhlutverk í íslensku tónlistarlífi. Listræn framþróun er ávallt í fyrirrúmi en metnaðarfull, vönduð og skemmtileg fræðsludagskrá er okkur einnig afar dýrmæt. Hljómsveitin vill fylgja tónlistarunnendum í gegnum lífið. Heimsóknir hefjast með Barnastundum fyrir minnstu gestina, svo taka skólatónleikar við á öllum námsstigum þar sem unga fólkíð kynnist göldrum þess að sitja í góðum tónleikasal og heyra hljóminn í fullburða sinfóníuhljómsveit. Loks eru það aðrir gestir okkar og áskrifendur sem sækja tónleika reglulega, en við viljum vitanlega þetta raðirnar í þeim hópi. Það að vera áskrifandi og njóta dagskrár Sinfó er góð skemmtun!

Efnisskrá vetrarins er forvitnileg blanda af vel þekktum tónverkum og tónlist sem ekki hefur hljómað fyrr á tónleikum hljóm-sveitarinnar. Það er mikið gleðiefni að nýr aðalgestastjórnandi hljómsveitarinnar, Tomáš Hanus, kemur til starfa og hinn framúrskarandi sellóleikari, Kian Soltani, verður staðarlistamaður vetrarins. Kian leikur á þrennum tónleikum í Hörpu og fer jafnframt með hljómsveitinni í metnaðarfullt tónleikaferðalag um Evrópu með hækkandi sól árið 2026. Þar mun Eva Ollikainen standa í stafni með sveitinni en þetta tónleikaár verður það síðasta undir hennar stjórn sem aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi.

Um leið og Evu er þakkað innilega fyrir hennar dýrmæta starf í þágu íslensks tónlistarlífs er rétt að vekja sérstaka athygli á einkar glæsilegum lokahnykk á því góða samstarfi; fyrsti flutningur hérlandis á 8. sinfóníu Gustavs Mahler. Þeir stórtónleikar eru samt aðeins brot af þeirri glæsilegu dagskrá sem framundan er á næsta tónleikaári.

Vonandi njótið þið sem flest, heimur tónlistarinnar bíður!



EVA OLLIKAINEN

AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI
SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

Kæru tónlistarvinir.

Nýju starfsári sinfóníuhljómsveitar fylgir ávallt mikil spenna og tilhlökkun. Fjölmargir glæsilegir listamenn, einleikarar og hljóm-sveitarstjórar koma til samstarfs við Sinfóníuhljómsveit Íslands á árinu og takast á við metnaðarfulla og glæsilega tónlist.

Fjölbreytni, áræðni og listrænn metnaður voru leiðarljósín þegar dagskrá starfsársins var sett saman. Nefna má að á fyrstu áskriftartónleikum vetrarins heyrum við einvörðungu tónverk sem aldrei hafa hljómað hér áður. Við heyrum nýjan sellókonsert eftir Önnu Þorvaldsdóttur sem rammaður er inn af tónlist Richard Strauss, annars vegar gamansamri svítu úr bakarís-ballettinum Schlagobers og hins vegar svítu úr hinni hádramatísku óperu Elektru. Það er varla hægt að hugsa sér ólíkari viðfangsefni.

Í október upplifum við heitar tilfinningar úr einni þekktustu ástarsögu tónlistarsögunnar, Tristan og Ísold, sem flutt verður að hluta með heimspekkum einsöngvurum; Ninu Stemme og Stuart Skelton. Í mars leggjum við land undir fót til þriggja Evrópulanda; Spánar, Sviss og Þýskalands, og leikum í nokkrum af þekktustu tónlistarhúsum álfunnar, m.a. Tonhalle í Zürich og hinni glæstu Elb-fílharmoníu í Hamborg. Einleikari í ferðinni verður hinn heimspekkti sellóleikari Kian Soltani.

Síðustu áskriftartónleikar starfsársins verða einnig þeir stærstu. Þá flytur hljómsveitin, ásamt fjölda kóra og einsöngvara, hina risavöxnu 8. sinfóníu Mahlers, sinfóníu þúsundanna, en hún hefur aldrei hljómað fyrr á Íslandi. Það er gríðarlegt átak að setja slíkt stórvirki á svið en þegar allir leggjast á eitt er allt mögulegt.

Ég hef frá upphafi samstarfs míns við Sinfóníuhljómsveit Íslands lagt áherslu á nýja íslenska tónlist og hvatt tónskáld til smíði stærri verka. Á þessu starfsári flytur hljómsveitin til dæmis í fyrsta sinn nýja sinfóníu eftir Pál Ragnar Pálsson og stóran þrileik fyrir hljómsveit eftir Daníel Bjarnason auk sellókonserts Önnu Þorvaldsdóttur.

Þetta starfsár er jafnframt það síðasta af sex árum sem ég hef verið í hlutverki listræns stjórnanda og aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Leiðir okkar lágu saman miklu fyrr, því fyrir réttum 20 árum þreytti ég kornung frumraun mína með hljómsveitinni á skólatónleikum í Háskólabíói og því hefur samstarf mitt við hljómsveitina litað allan minn starfsferil sem hljómsveitarstjóra. Ég hef stjórnað hljómsveitum um víða veröld en hvergi hef ég kynnst jafn mikilli hlýju, alúð og samkennd hjá einni hljómsveit og hér. Ég vona innilega að Sinfóníuhljómsveit Íslands haldi áfram að dafna og þroskast og muni aldrei tapa þessum fallegu eiginleikum sínum. Um leið vil ég nota tækifærið og þakka tónleikagestum hlýjar viðtökur undanfarin ár og vona að leiðir okkar liggi saman á ný.

2025

LAU 20. SEPTEMBER KL 14

TÖFRANDI
SINFÓNÍA

SUN 21. SEPTEMBER KL 14

UNGSVEITIN
LEIKUR
TSJAJKOVSKÍJ

FIM 25. SEPTEMBER KL 19:30

DANÍEL
& ERIC LU

FIM 2. OKTÓBER KL 19:30

KIAN SOLTANI
LEIKUR HAYDN

LAU 23. ÁGÚST KL 15 & 17

OPIÐ HÚS Á
MENNINGARNÓTT

FÖS 29. ÁGÚST KL 20

KLASSÍKIN
OKKAR

FIM 4. SEPTEMBER KL 19:30

ANNA
& STRAUSS

FIM 11. SEPTEMBER KL 19:30

ALICE SARA OTT
LEIKUR RAVEL

LAU 20. SEPTEMBER KL 14

TÖFRANDI
SINFÓNÍA

SUN 21. SEPTEMBER KL 14

UNGSVEITIN
LEIKUR
TSJAJKOVSKÍJ

FIM 25. SEPTEMBER KL 19:30

DANÍEL
& ERIC LU

FIM 2. OKTÓBER KL 19:30

KIAN SOLTANI
LEIKUR HAYDN

LAU 4. OKTÓBER KL 11:30 & 12:45

BARNASTUND
SINFÓNÍUNNAR

FIM 9. OKTÓBER KL 19:30

BARTÓK
& RAVEL

FIM 16. OKTÓBER KL 19:30

FRÖNSK
VEISLA

FIM 23. OKTÓBER KL 19:30

NINA STEMME
& STUART SKELTON

FIM 30. OKTÓBER KL 19:30

MOZART
&
BRUCKNER

FIM, FÖS 6.– 7. NÓVEMBER KL 19

MUGISON
&
SINFÓ

FIM 13. NÓVEMBER KL 19:30

SHOSTAKOVITSJ
& PROKOFÍEV

FÖS 14. NÓVEMBER KL 18

LIZA FERSCHTMAN
LEIKUR BACH

FIM 20. NÓVEMBER KL 19:30

SIBELIUS &
BEETHOVEN

FIM, FÖS, LAU 27.–29. NÓVEMBER

HARRY POTTER
& ELDBIKARINN™
BÍÓTÓNLEIKAR

FIM 4. DESEMBER KL 19:30

AÐVENTUÐÓNLEIKAR
SINFÓNÍUNNAR

LAU, SUN 13.–14. DESEMBER KL 14 & 16

JÓLATÓNLEIKAR
SINFÓNÍUNNAR

2026

FIM, FÖS, LAU 8.– 10. JANÚAR

VÍNARTÓNLEIKAR

FIM 15. JANÚAR KL 19:30

BEETHOVEN &
SHOSTAKOVITSJ

FIM 22. JANÚAR KL 19:30

BRAHMS &
SAARIAHO

FIM 29. JANÚAR KL 19:30

MACMILLAN
Á MYRKUM

FIM 5. FEBRÚAR KL 12

HLJÓMSVEITARSTJÓRA-
AKADEMÍAN

LAU 14. FEBRÚAR KL 14

ENDURVINNSLAN

FIM 19. FEBRÚAR KL 19:30

SARASTE
STJÓRNAR
BRUCKNER

FÖS 27. FEBRÚAR KL 18

CAROLINE
SHAW
PORTRETT

FIM 5. MARS KL 19:30

TOMÁŠ HANUS
& STEFÁN RAGNAR

FIM 12. MARS KL 19:30

KIAN SOLTANI
LEIKUR
LUTOSŁAWSKI

FÖS 13. MARS KL 18

ELGAR &
ELDFUGLINN

18.– 26. MARS

EVROPUFERÐ

FIM, FÖS, LAU 9.– 11. APRÍL

E.T.
THE EXTRA-TERRESTRIAL
BÍÓTÓNLEIKAR

FIM 16. APRÍL KL 19:30

SKÖPUN HEIMSINS

LAU 18. APRÍL KL 11:30 & 12:45

BARNASTUND
SINFÓNÍUNNAR

FÖS 24. APRÍL KL 19:30

UNGIR
EINLEIKARAR

FIM 30. APRÍL KL 19:30

LANDÍT

LAU 9. MAÍ KL 14

VÍSNAÞÓKIN

FÖS 15. MAÍ KL 19

HEIMSÓKN
Á AKRANES

FÖS 22. MAÍ KL 18

MAGNÚS JÓHANN
PORTRETT

FÖS 29. MAÍ KL 19:30 & LAU 30. MAÍ KL 17

MAHLER 8

FIM 4. JÚNÍ KL 19:30

NÆRMYND
HILDUR GUÐNADÓTTIR

RAUÐA RÖÐIN

7 TÓNLEIKAR

Fyrir þau sem vilja kraftmikla sinfóníska tónlist með íslenskum og erlendum einleikurum í fremstu röð.



FIM 4. SEPTEMBER KL 19:30

ANNA & STRAUSS

EVA OLLIKAINEN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
JOHANNES MOSER EINLEIKARI
RICHARD STRAUSS ÞÆTTIR ÚR
BALLETTINUM SCHLAGOBERS
ANNA ÞORVALDSDÓTTIR BEFORE WE FALL
(SELLÓKONSERT) ÍSLANDSFRUMFLUTNINGUR
RICHARD STRAUSS SVÍTA ÚR ELEKTRU
(ÚTS. MANFRED HONECK OG THOMAS ILLE)

FIM 25. SEPTEMBER KL 19:30

DANÍEL & ERIC LU

DANÍEL BJARNASON HLJÓMSVEITARSTJÓRI
ERIC LU EINLEIKARI
HILDUR GUÐNADÓTTIR FOR PETRA I ÚR TÁR
PJOTR TSJAJKOVSKÍJ PÍANÓKONSERT NR. 1
DANÍEL BJARNASON I WANT TO BE ALIVE
- ÞRÍLEIKUR FYRIR HLJÓMSVEIT

FIM 30. OKTÓBER KL 19:30

MOZART & BRUCKNER

EVA OLLIKAINEN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
NOAH BENDIX-BALGLEY EINLEIKARI
WOLFGANG AMADEUS MOZART
FIÐLUKONSERT NR. 5
ANTON BRUCKNER SINFÓNÍA NR. 7

FIM 15. JANÚAR KL 19:30

BEETHOVEN & SHOSTAKOVITSJ

BJARNI FRÍMANN BJARNASON
HLJÓMSVEITARSTJÓRI
CLARA-JUMI KANG EINLEIKARI
LUDWIG VAN BEETHOVEN FIÐLUKONSERT
DMÍTRÍJ SHOSTAKOVITSJ
SINFÓNÍA NR. 5

FIM 19. FEBRÚAR KL 19:30

SARASTE STJÖRNAR BRUCKNER

JUKKA-PEKKA SARASTE HLJÓMSVEITARSTJÓRI
FRANCESCO PIEMONTESEI EINLEIKARI
SERGEI RAKHMANÍNOV
PÍANÓKONSERT NR. 3
ANTON BRUCKNER SINFÓNÍA NR. 6

FIM 12. MARS KL 19:30

KIAN SOLTANI LEIKUR LUTOSŁAWSKI

EVA OLLIKAINEN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
KIAN SOLTANI EINLEIKARI
JEAN SIBELIUS DÓTTIR NORÐURSINS
WITOLD LUTOSŁAWSKI SELLÓKONSERT
JEAN SIBELIUS SINFÓNÍA NR. 2

FÖS 29. MAÍ KL 19:30

MAHLER 8

EVA OLLIKAINEN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
BRYNDÍS GUÐJÓNSDÓTTIR,
ÁLFHEIÐUR ERLA GUÐMUNDSDÓTTIR,
DÍSELLA LÁRUSDÓTTIR, ANNA KISSJUDIT,
HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR, SIMON
O'NEILL, ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON
OG TÓMAS TÓMASSON EINSÖNGVARAR
MÓTETTUKÓRINN, HLJÓMEYKI,
SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA, KÓR
LANGHOLTSKIRKJU OG SKÓLAKÓR KÁRSNESS
GUSTAV MAHLER SINFÓNÍA NR. 8

GULA RÖÐIN

7 TÓNLEIKAR

Fyrir þau sem vilja fjölbreytt og litrík meistaraverk úr ýmsum áttum með glæsi-
legum einleikurum og stjórnendum.



FIM 11. SEPTEMBER KL 19:30

ALICE SARA OTT LEIKUR RAVEL

SAMUEL LEE HLJÓMSVEITARSTJÓRI
ALICE SARA OTT EINLEIKARI
LILI BOULANGER D'UN SOIR TRISTE
MAURICE RAVEL PÍANÓKONSERT
FYRIR VINSTRI HÖND
LUDWIG VAN BEETHOVEN SINFÓNÍA NR. 7

FIM 9. OKTÓBER KL 19:30

BARTÓK & RAVEL

DIMA SLOBODENIOUK HLJÓMSVEITARSTJÓRI
MARTIN HELMCHEN EINLEIKARI
CLAUDE DEBUSSY FORLEIKUR AÐ SÍÐDEGI
SKÓGARÞÚKANS
BÉLA BARTÓK PÍANÓKONSERT NR. 3
WITOLD LUTOSŁAWSKI SINFÓNÍA NR. 4
MAURICE RAVEL LA VALSE

FIM 23. OKTÓBER KL 19:30

NINA STEMME & STUART SKELTON

EVA OLLIKAINEN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
NINA STEMME, STUART SKELTON
& HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR
EINSÖNGVARAR
RICHARD WAGNER FORLEIKURINN AÐ
MEISTARASÖNGVURUNUM FRÁ NÜRNBERG
ÍGOR STRAVINSKÍJ SINFÓNÍA Í ÞREMUR ÞÁTTUM
RICHARD WAGNER TÓNLIST ÚR ÓPERUNNI
TRISTAN OG ÍSOLD

FIM 13. NÓVEMBER KL 19:30

SHOSTAKOVITSJ & PROKOFÍEV

OSMO VÄNSKÄ HLJÓMSVEITARSTJÓRI
LIZA FERSCHTMAN EINLEIKARI
MARÍA HULD MARKAN SIGFÚSDÓTTIR
BENTHOS - FRUMFLUTNINGUR
DMITRIJ SHOSTAKOVITSJ FIÐLUKONSERT NR. 1
SERGEJ PROKOFÍEV SINFÓNÍA NR. 6

FIM 22. JANÚAR KL 19:30

BRAHMS & SAARIAHO

JAN SÖDERBLOM HLJÓMSVEITARSTJÓRI
VERNERI POHJOLA EINLEIKARI
LOTTA WENNÄKOSKI HAVA
KAIIJA SAARIAHO HUSH, KONSERT FYRIR
TROMPET OG HLJÓMSVEIT
JOHANNES BRAHMS SINFÓNÍA NR. 2

FIM 5. MARS KL 19:30

TOMÁŠ HANUS & STEFÁN RAGNAR

TOMÁŠ HANUS HLJÓMSVEITARSTJÓRI
STEFÁN RAGNAR HÖSKULDSSON EINLEIKARI
JÓN NORDAL ADAGIO
LOWELL LIEBERMANN FLAUTUKONSERT NR. 2
ANTONÍN DVOŘÁK SVÍTA Í A DÚR
BOHUSLAV MARTINŮ SINFÓNÍA NR. 6

FIM 30. APRÍL KL 19:30

LANDLIT

EVA OLLIKAINEN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
DENIS KOZHUKHIN EINLEIKARI
PÁLL RAGNAR PÁLSSON SINFÓNÍA. LANDLIT,
FRUMFLUTNINGUR
KAROL SZYMANOWSKI SINFÓNÍA NR. 4
BÉLA BARTÓK MANDARÍNINN MAKALAUSI

GRÆNA RÖÐIN

5 TÓNLEIKAR

Fyrir þau sem vilja þekkta og aðgengilega klassík með fyrsta flokks einleikurum og söngvurum.



FIM 2. OKTÓBER KL 19:30

KIAN SOLTANI LEIKUR HAYDN

MIRIAN KHUKHUNAISHVILI
HLJÓMSVEITARSTJÓRI
KIAN SOLTANI EINLEIKARI
CARL MARIA VON WEBER DER FREISCHÜTZ,
FORLEIKUR
JOSEPH HAYDN SELLÓKONSERT NR. 1 Í C-DÜR
PJOTR TSJAJKOVSKÍJ SINFÓNÍA NR. 5

FIM 16. OKTÓBER KL 19:30

FRÖNSK VEISLA

MALIN BROMAN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
OG EINLEIKARI
LOUISE FARRENC FORLEIKUR NR. 1
GABRIEL FAURÉ SVÍTA ÚR PELLÉAS
ET MÉLISANDE
MAURICE RAVEL TZIGANE
JEAN-PHILIPPE RAMEAU SVÍTA
ÚR HIPPOLYTE ET ARICIE
WOLFGANG AMADEUS MOZART SINFÓNÍA NR.
31, PARÍSARSINFÓNÍAN

FIM 20. NÓVEMBER KL 19:30

SIBELIUS & BEETHOVEN

TOMÁŠ HANUS HLJÓMSVEITARSTJÓRI
GUIDO SANT'ANNA EINLEIKARI
JEAN SIBELIUS FIÐLUKONSERT
LUDWIG VAN BEETHOVEN SINFÓNÍA NR. 3,
EROICA

FIM 8. JANÚAR KL 19:30

VÍNARTÓNLEIKAR

SASCHA GOETZEL HLJÓMSVEITARSTJÓRI
EYRÚN UNNARSDÓTTIR OG
SVEINN DÚA HJÖRLEIFSSON EINSÖNGVARAR

FIM 16. APRÍL KL 19:30

SKÖPUN HEIMSINS

BARBARA HANNIGAN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
JOSEPH HAYDN KYNNING ÓREIÐUNNAR
ÚR SKÖPUNINNI
RUTH CRAWFORD SEEGER
ANDANTE FYRIR STRENGJASVEIT
JOSEPH HAYDN SINFÓNÍA NR. 64,
TEMPORA MUTANTUR
GYÖRGY LIGETI LONTANO
RICHARD STRAUSS SVO MÆLTI ZARAPÚSTRA

LITLI TÓNSPROTININ

4 TÓNLEIKAR



LAU 20. SEPTEMBER KL 14

TÖFRANDI SINFÓNÍA

RICHARD SCHWENNICK HLJÓMSVEITARSTJÓRI
LALLI TÖFRAMAÐUR KYNNIR

LAU 13. DESEMBER KL 14

JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

ELIAS BROWN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
TRÚÐURINN BARBARA KYNNIR
KRISTJANA STEFÁNSDÓTTIR OG EINAR ÖRN
MAGNÚSSON, EINSÖNGVARAR
KOLBRÚN VÖLKUDÓTTIR EINSÖNGUR
Á TÁKNMÁLI
KÓRAR, BJÖLLUKÓRAR, DANSARAR O.FL. GESTIR

LAU 14. FEBRÚAR KL 14

ENDURVINNSLAN

INGUNN KORSGÁRD HAGEN
HLJÓMSVEITARSTJÓRI
TRASH SLAGVERKSDÚÓ

LAU 9. MAÍ KL 14

VÍSNAÞÓKIN

HJÖRTUR PÁLL EGGERTSSON
HLJÓMSVEITARSTJÓRI
ÞÓRUNN ARNA KRISTJÁNSDÓTTIR,
HALLGRÍMUR ÓLAFSSON, SIGURÐUR ÞÓR
ÓSKARSSON SÖGUMENN OG SÖNGVARAR
GRADUALE FUTURI, GRADUALEKÓR
LANGHOLTSKIRKJU KÓRAR
HALLDÓR PÉTURSSON MYNDSKREYTING
LÖG ÚR VÍSNAÞÓKINNI
Í ÚTSETNINGU HRAFNKELS ORRA EGILSSONAR

Áhugaverðir og óvenjulegir
tónleikar á föstudegi kl. 18.
Tónleikarnir eru klukkustundarlangir
án hlés. Láttu koma þér á óvart!



FÖS 14. NÓVEMBER KL 18

LIZA FERSCHTMAN
LEIKUR BACH

LIZA FERSCHTMAN EINLEIKARI
JOHANN SEBASTIAN BACH PARTÍTA NR. 2 BWV
1004 & SÓNATA NR. 2 BWV 1003

FÖS 27. FEBRÚAR KL 18

CAROLINE SHAW
PORTRETT

DANÍEL BJARNASON HLJÓMSVEITARSTJÓRI
CAROLINE SHAW EINLEIKARI
KAMMERKÓRINN AURORA
CAROLINE SHAW ENTR'ACTE,
IN MANUS TUAS, ITS MOTION KEEPS,
LO, FIDLUKONSERT

FÖS 13. MARS KL 18

ELGAR &
ELDFUGLINN

EVA OLLIKAINEN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
KIAN SOLTANI EINLEIKARI
EDWARD ELGAR SELLÓKONSERT
ÍGOR STRAVINSKÍJ SVÍTA ÚR ELDFUGLINUM

FÖS 22. MAÍ KL 18

MAGNÚS JÓHANN
PORTRETT

ROSS JAMIE COLLINS HLJÓMSVEITARSTJÓRI
MAGNÚS JÓHANN RAGNARSSON EINLEIKARI
TÓNLIST MAGNÚSAR JÓHANNSS
RAGNARSSONAR Í NÝJUM
HLJÓMSVEITARÚTSETNINGUM

ÝMSIR TÓNLEIKAR

LAU 23. ÁGÚST KL 15 & 17

OPIÐ HÚS Á
MENNINGARNÓTT

NICHOLAS SWENSEN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
UNNSTEINN MANUEL STEFÁNSSON
KYNNIR OG SÖNGVARI

FÖS 29. ÁGÚST KL 20

KLASSÍKIN OKKAR

BJARNI FRÍMANN BJARNASON
HLJÓMSVEITARSTJÓRI
ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON, GDRN,
VALDIMAR GUÐMUNDSSON, REBEKKA
BLÖNDAL, EGGERT REGINN KJARTANSSON,
PÁLMI GUNNARSSON, DÍSELLA
LÁRUSDÓTTIR, SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA
GESTIR
HALLA ODDNÝ MAGNÚSDÓTTIR
GUÐNI TÓMASSON
KYNNAR

SUN 21. SEPTEMBER KL 14

UNGSVEITIN
LEIKUR
TSJAJKOVSKÍJ

UNGSVEIT SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR
ÍSLANDS
NATHANAËL ISELIN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
PJOTR TSJAJKOVSKÍJ SINFÓNÍA NR. 4

LAU 4. OKTÓBER KL 11:30 & 12:45

BARNASTUND
SINFÓNÍUNNAR

MIRIAN KHUKHUNAISHVILI
HLJÓMSVEITARSTJÓRI
SIGURGEIR AGNARSSON EINLEIKARI
STEINUNN ARINBJARNARDÓTTIR KYNNIR

FIM 6. NÓVEMBER KL 19
FÖS 7. NÓVEMBER KL 19

MUGISON
& SINFÓ

BJARNI FRÍMANN BJARNASON
HLJÓMSVEITARSTJÓRI
MUGISON

FIM 27. NÓVEMBER KL 19
FÖS 28. NÓVEMBER KL 19
LAU 29. NÓVEMBER KL 14

HARRY POTTER
& ELDBIKARINN™
BÍOTÓNLEIKAR

MIKE NEWELL LEIKSTJÓRI
PATRICK DOYLE TÓNLIST
TIMOTHY HENTY HLJÓMSVEITARSTJÓRI

FIM 4. DESEMBER KL 19:30

AÐVENTUTÓNLEIKAR
SINFÓNÍUNNAR

FABIO BIONDI HLJÓMSVEITARSTJÓRI
JULIA HANTSCHER EINLEIKARI
PERLUR FYRRI TÍMA

FIM 29. JANÚAR KL 19:30

MACMILLAN
Á MYRKUM

SIR JAMES MACMILLAN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
JÓN ARNAR EINARSSON EINLEIKARI
BÁRA GÍSLADÓTTIR DÆGRIN
- FRUMFLUTNINGUR
SIR JAMES MACMILLAN BÁSÚNUKONSERT
KJARTAN SVEINSSON NÝTT VERK
- FRUMFLUTNINGUR
SNORRI SIGFÚS BIRGISSON KONSERT NR. 2
FYRIR HLJÓMSVEIT

ÝMSIR TÓNLEIKAR



FIM 5. FEBRÚAR KL 12

HLJÓMSVEITARSTJÓRA- AKADEMÍAN

EVA OLLIKAINEN LEIÐBEINANDI
LUDWIG VAN BEETHOVEN FÖRLEIKURINN
AÐ PRÓMEÞEIFI
WOLFGANG AMADEUS MOZART
SINFÓNÍA NR. 40

18.– 26. MARS

EVROPUFERÐ

BARCELONA PALAU DE LA MÚSICA
GENF VICTORIA HALL
BERN CASINO
ZÜRICH TONHALLE
HEIDELBERG STADTHALLE
HAMBORG ELBPILHARMONIE
EVA OLLIKAINEN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
KIAN SOLTANI EINLEIKARI

FIM 9. APRÍL KL 19
FÖS 10. APRÍL KL 19
LAU 11. APRÍL KL 14

E.T. THE EXTRA-TERRESTRIAL BÍÓTÓNLEIKAR

JOHN WILLIAMS TÓNLIST
STEVEN SPIELBERG LEIKSTJÓRI
CALEB YOUNG HLJÓMSVEITARSTJÓRI

LAU 18. APRÍL KL 11:30 & 12:45

BARNASTUND SINFÓNÍUNNAR

BOLLI KÖNNUSON, NÍELS THIBAUD GIRERD
KYNNIR

FÖS 24. APRÍL KL 19:30

UNGIR EINLEIKARAR

BALDUR BRÖNNIMANN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
SIGURVEGARAR KEPPINNAR
UNGIR EINLEIKARAR
EFNISSKRÁ KYNNT SÍÐAR

FÖS 15. MAÍ KL 19

HEIMSÓKN Á AKRANES

HJÖRTUR PÁLL EGGERTSSON
EINSÖNGVARAR OG KÓRAR

FIM 4. JÚNÍ KL 19:30

NÆRMYND HILDUR GUÐNADÓTTIR

DANÍEL BJARNASON HLJÓMSVEITARSTJÓRI
HILDUR GUÐNADÓTTIR GESTGJAFI OG
EINLEIKARI Á SELLÓ
TÓNLIST EFTIR HILDI GUÐNADÓTTUR OG FLEIRI





KOMDU Í ÁSKRIFT AÐ UPPLIFUN



ÁSKRIFTAKORT

Með áskrift að tónleikaröð tryggir þú þér besta verðið og fast sæti í Eldborg. Boðið er upp á fimm ólíkar tónleikaraðir á starfsárinu og veitir áskrift 20% afslátt frá almennu miðaverði.

Áskrifendur fá einnig 10% afslátt af viðbótarmiðum og gjafakortum Sinfóníunnar.

Áskrifendur ganga að sætum sínum vísum og eiga forkaupsrétt á þeim þegar kemur að endurnýjun áskriftar.

Tvær áskriftaraðir veita 25% afslátt af miðaverði og þrjár áskriftaraðir veita 30% afslátt af miðaverði.

REGNBOGAKORT

Regnbogaáskrift hentar þeim sem vilja setja saman sína eigin tónleikaröð. Veldu að lágmarki ferna tónleika úr dagskrá starfsársins og fáðu 20% afslátt af almennu miðaverði. Regnbogaáskrifendur fá einnig 10% afslátt af viðbótarmiðum og gjafakortum Sinfóníunnar.

REGNBOGAKORT FYRIR 25 ÁRA OG YNGRI

25 ára og yngri njóta 50% afsláttar með Regnbogakorti af almennu miðaverði á verðsvæðum 2 og 3 í Eldborg.

SKÓLAKORT

Ungt fólk, 25 ára og yngra, getur keypt miða á almenna tónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar samdægurs á 2.490 kr. með Skólakorti. Hægt er að velja úr lausum sætum hvar sem er í salnum.

Skráðu þig fyrir Skólakorti og fáðu frekari upplýsingar á sinfonia.is/skolakort eða í miðasölu Hörpu.

KORTA- OG MIÐASALA

Sala og endurnýjun áskrifta fer fram á sinfonia.is og í miðasölu Hörpu. Upplýsingar um áskriftarverð og verðsvæði má finna á blaðsíðu 79 og á sinfonia.is/askriftaradir.

Miðasala
528 5050 / [midasala@harpa](mailto:midasala@harpa.is).

OPIÐ HÚS Á MENNINGARNÓTT



23. ÁGÚST LAUGARDAGUR KL. 15 & 17
ELDBORG HARPA

NICHOLAS SWENSEN
HLJÓMSVEITARSTJÓRI
UNNSTEINN MANUEL STEFÁNSSON
KYNIR OG SÖNGUR

Á Menningarnótt í Reykjavík býður Sinfóníuhljómsveit Íslands gestum og gangandi upp á fjölbreytta og spennandi tónleika fyrir alla fjölskylduna. Á tónleikunum í ár er það hinn fjölbreytti tónlistarmaður Unnsteinn Manuel Stefánsson sem tekur á móti gestum í Eldborg. Hann veltir m.a. fyrir sér spurningunni hvernig tónlist Sinfóníuhljómsveitin muni leika á 150 ára afmæli sínu árið 2100. Hljómsveitin fagnaði einmitt 75 ára afmæli sínu á nýliðnu starfsári. Á tónleikunum á Menningarnótt má heyra tónverk sem hafa skírskotun til framtíðarinnar, eða gerðu það á sínum tíma, eftir tónskáld eins og Jóhann Jóhannsson, Caroline Shaw, Ludwig van Beethoven og Björk. Á tónleikunum syngur hann einnig lagið Glow sem hljómsveitin Retro Stefson gerði vinsælt á sínum tíma.

Aðgangur á tónleikana er ókeypis og eru öll hjartanlega velkomin.

Hægt er að sækja miða á [sinfonia.is](#) og í miðasölu Hörpu á tónleikadegi frá kl. 10:00.

KLASSÍKIN OKKAR SÖNGUR LÍFSINS!

29. ÁGÚST FÖSTUDAGUR KL. 20
ELDBORG HARPA

BJARNI FRÍMANN BJARNASON HLJÓMSVEITARSTJÓRI
ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON, GDRN,
VALDIMAR GUÐMUNDSSON, REBEKKA BLÖNDAL,
EGGERT REGINN KJARTANSSON, PÁLMI GUNNARSSON,
DÍSELLA LÁRUSDÓTTIR, SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA
GESTIR
HALLA ODDNÝ MAGNÚSDÓTTIR OG GUÐNI TÓMASSON
KYNAR

Undanfarinn áratug hefur Klassíkin okkar notið fádæma vinsælda í tónlistarlífi landsmanna en þessir tónleikar eru nú haldnir í tíunda sinn í beinni útsendingu á RÚV. Nú hugum við að söng lífsins og veltum fyrir okkur af hverju við syngjum. Fullyrða má að söngurinn sé ein elsta leið mannkyns til tjáningar og samskipta. Við syngjum okkur í gegnum lífið; í leikskóla og jarðarförum, í bílnum og í sturtu, þegar við svæfum og þegar við elskum, þegar við hvetjum eða viljum upplifa samstöðu. Stundum syngjum við ein, stundum í hóp, stundum fallega en svo er auðvitað hægt að öskursyngja ef svo ber undir.

Hér flytja margir af okkar fremstu söngvurum tónlist sem tengist hinum ýmsu athöfnum okkar og viðburðum á lífsleiðinni; frá tregafullum kvöldsöngvum til glaðværra gamansöngva. Það er Bjarni Frímann Bjarnason sem heldur um tónsprotann og leiðir Sinfóníuhljómsveit Íslands á þessum fjölbreyttu og skemmtilegu tónleikum.



ANNA & STRAUSS

4. SEPTEMBER FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

EVA OLLIKAINEN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
JOHANNES MOSER EINLEIKARI

RICHARD STRAUSS ÞÆTTIR ÚR BALLETTINUM SCHLAGOBERS
ANNA ÞORVALDSDÓTTIR BEFORE WE FALL
(SELLÓKONSERT) – ÍSLANDSFRUMFLUTNINGUR
RICHARD STRAUSS SVÍTA ÚR ELEKTRU
(ÚTS. MANFRED HONECK OG THOMAS ILLE)

Frumflutningur á nýjum sellókonserti eftir Önnu Þorvaldsdóttur telst stórvíðburður í heimi samtímatónlistarinnar. Anna er eitt eftirsóttasta tónskáld dagsins í dag og verk hennar eru flutt reglulega af fremstu hljómsveitum heims. Sellóleikarinn Johannes Moser frumflytur verkið með Sinfóníuhljómsveit San Francisco og kemur í kjölfarið til Íslands. Moser er margverðlaunaður fyrir list sína og hefur komið fram sem einleikari með öllum helstu sinfóníuhljómsveitum austan hafs og vestan.

Skrif Richards Strauss fyrir hljómsveit eru einkar litrík og metnaðarfull. Fá tónskáld eru honum fremri í að nýta sér möguleikana sem búa í hljóðheimi sinfóníuhljómsveitar. Elektra er ein af þekktustu óperum Strauss og í þessari hljómsveitarsvítu úr verkinu birtist vel sá frumkraftur og dramatíska spenna sem upplifa má í sjálfri óperunni. Enn fremur hljómar í upphafi tónleikanna tónlist úr eina balletti Richards Strauss sem ber það óvenjulega heiti Schlagobers, eða „þeyttur rjómi“. Efniviðurinn er heimsókn nokkurra barna í kræsilegt bakarí í Vínarborg þar sem sætabrauð og kökur vakna til lífsins – og þetta má greina í safaríkri tónlistinni.

4. SEPTEMBER



ALICE SARA OTT LEIKUR RAVEL



Á undanförnum árum hefur stjarna píanóleikarans Alice Söru Ott skinið skært. Hún hljóðritar fyrir útgáfufyrirtækið Deutsche Grammophon og vekur verðskuldaða athygli fyrir frískandi og forvitnilegt verkefnaval. Hér tekst Alice Sara á við hinn óvenjulega Píanókonsert fyrir vinstri hönd eftir Maurice Ravel en þetta áhrifaríka tónverk spratt af átökum fyrri heimsstyrjaldar þar sem píanóleikarinn Paul Wittgenstein missti hægri hönd. Að stríði loknu hélt hann áfram þjónustu við tónlistina og pantaði fjölmörg verk fyrir vinstri höndina eina. Ekkert þeirra lifir þó jafn góðu lífi og þessi frábæri konsert Ravels sem er vinsæll í tónleikasölum heimsins.

Sjöunda sinfónía Beethovens er eitt allra vinsælasta verk vestrænna tónbókmennta og uppáhaldssinfónía margra. Dramatísk uppbygging tónlistarinnar hefur gert það að verkum að hún hefur ratað inn í fjölmargar kvikmyndir en verkið er eitt þeirra sem alltaf stækkar í huga fólks við hverja hlustun.

Tónleikarnir hefjast hins vegar á fallegri og innhverfri túlkun franska tónskáldsins Lili Boulanger á D'un soir triste, kvöldhúminu, þar sem við mannfólkið leitum oft inn á við og opnum á eigin tilfinningar.

11. SEPTEMBER FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

SAMUEL LEE HLJÓMSVEITARSTJÓRI
ALICE SARA OTT EINLEIKARI

LILI BOULANGER D'UN SOIR TRISTE
MAURICE RAVEL PÍANÓKONSERT FYRIR VINSTRI HÖND
LUDWIG VAN BEETHOVEN SINFÓNÍA NR. 7

11. SEPTEMBER

TÖFRANDI

SINFÓNÍA

LITLI TÓNSPROTINN



20. SEPTEMBER LAUGARDAGUR KL. 14
ELDBORG HARPA

RICHARD SCHWENNICKE HLJÓMSVEITARSTJÓRI
LALLI TÖFRAMAÐUR KYNNIR

Töfrabrögð og sjónhverfingar verða í forgrunni þegar Lalli töframaður og Sinfóníuhljómsveit Íslands sameina krafta sína á tónleikum í Litla tónsprotanum. Dagskráin verður ekki síður töfrandi þar sem mörg eftirlætislög hljóma, eins og Smile eftir Charlie Chaplin, Lærisveinn galdrameistarans eftir Dukas og vinsæl lög úr söngleikjum á borð við Frozen og Mary Poppins.

Sýningar Lalla töframanns njóta vinsælda hjá börnum á öllum aldri og á tónleikunum verður mögnuðum töfrabrögðum hans varpað upp á stóra tjaldið í Eldborg svo allir fái notið þeirra sem best.

Tónleikarnir, sem eru sniðnir að ungum áheyrendum, eru um klukkustundarlangir, án hlés.

20. SEPTEMBER

UNGSVEITIN

LEIKUR

TSJAJKOVSKÚJ



21. SEPTEMBER SUNNUDAGUR KL. 14
ELDBORG HARPA

UNGSVEIT SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS
NATHANAËL ISELIN HLJÓMSVEITARSTJÓRI

ÞJOTR TSJAJKOVSKÍJ SINFÓNÍA NR. 4

Um hundrað ungmenni úr tónlistarskólum landsins taka þátt í hljómsveitarnámskeiði Sinfóníuhljómsveitar Íslands ár hvert undir leiðsögn atvinnuhljóðfæraleikara og hljómsveitarstjóra. Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands hélt sína fyrstu tónleika haustið 2009 í Háskólabíói og hefur síðan vakið verðskuldaða athygli en sveitin hlaut viðurkenninguna „Bjartasta vonin“ á Íslensku tónlistarverðlaununum 2016. Hljómsveitin í ár er skipuð tónlistarnemum víðs vegar að á landinu sem valdir voru úr stórum hópi ungmenna sem leikið höfðu um sæti í sveitinni með prufuspili.

Ungsveitin hefur vakið athygli fyrir samstilltan flutning og einstaka túlkun og á þessu starfsári takast þau á við hina mögnuðu og dramatisku fjórðu sínfóníu Tsjaikovskijs. Fjórða sínfónían hefur löngum verið talin „sjálfsævisöguleg“ og skipar hún sér þannig í hóp verka á borð við fimmtu sínfóníu Beethovens og Draumórasínfóníu Berliozar. Hljómsveitarstjóri að þessu sinni er Nathanael Iselin, fyrrum staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

21. SEPTEMBER

DANÍEL & ERIC LU



25. SEPTEMBER FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

DANÍEL BJARNASON
HLJÓMSVEITARSTJÓRI
ERIC LU EINLEIKARI

HILDUR GUÐNADÓTTIR FOR PETRA I ÚR TÁR
PJOTR TSJAJKOVSKÍJ PÍANÓKONSERT NR. 1
DANÍEL BJARNASON I WANT TO BE ALIVE
- ÞRÍLEIKUR FYRIR HLJÓMSVEIT

Stórar spurningar um mennsku, vitund og samspil tækni og goðsagna liggja til grundvallar hljómsveitarverkinu *I Want To Be Alive* (Ég vil vera lifandi) eftir Daníel Bjarnason sem verður Íslandsfrumflutt á tónleikunum. Frumgerð upphafskaflans var flutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2023 en síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og Daníel endurskoðað kaflann frá grunni og bætt við tveimur nýjum þáttum.

Á tónleikunum leikur bandaríski píanóleikarinn Eric Lu einn þekktasta og vinsælasta píanókonsert allra tíma, hinn kraftmikla og tilfinningaríka konsert nr. 1 eftir Pjotr Tsjaikovskíj. Ferill þessa góða gests hefur verið einkar glæsilegur frá því að hann sigraði í hinni virtu Leeds píanókeppni árið 2018. Lu hefur leikið með mörgum af þekktustu hljómsveitum heims undir stjórn heimskunnra hljómsveitarstjóra og hvarvetna hlotið viðurkenningu og lof.

Kvikmyndin Tár, sem fjallar um raunir hljómsveitarstjórans Lydiu Tár, vakti mikla athygli árið 2022. Myndin skartaði vel þekktri sígildri tónlist og seiðandi kvikmyndatónlist Hildar Guðnadóttur, þar á meðal er hið kyrrláta og fallega verk For Petra I. Flutningurinn er góð upphitun fyrir aðra tónleika með verkum Hildar síðar á starfsárinu.

„Við höfum skapað gervigreind í okkar mynd og nú viljum við vita hvað hún getur kennt okkur um okkur sjálf. Mun gervigreindin að lokum auka á sjálfspekkingu okkar, eða munum við týnast í spegilmynd okkar líkt og Narcissus?“

DANÍEL BJARNASON

KIAN SOLTANI LEIKUR HAYDN

2. OKTÓBER FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

MIRIAN KHUKHUNAISHVILI HLJÓMSVEITARSTJÓRI
KIAN SOLTANI EINLEIKARI

CARL MARIA VON WEBER DER FREISCHÜTZ, FORLEIKUR
JOSEPH HAYDN SELLÓKONSERT NR. 1 Í C-DÚR
PJOTR TSJAJKOVSKÍJ SINFÓNÍA NR. 5

„Töfrandi sellóleikari ...
Leikur Soltanis er bæði innblásinn
og óaðfinnanlegur, hann er
lagrænn og er hin sanna rödd
sellósins, sannkallaður óður til
hljóðfærisins ...“

DER TAGESSPIEGEL

Það er Sinfóníuhljómsveit Íslands sannkallað gleðiefni að fá
sellóleikarann Kian Soltani að starfi sveitarinnar en hann er
staðarlistamaður á þessu tónleikaári og heldur með hljóm-
sveitinni í tónleikaferð til Evrópu vorið 2026. Kian galdrar fram
einstakan tón úr sellóinu og hefur nánast fullkomin tök á túlkun
sinni. Nákvæm færni hans nýtur sín frábærlega í háklassískum
sellókonserti Haydns sem er bjart og fallegt tónverk og mikill
gleðigjafi.

Konsertinn fer einkar vel við ástríðufulla fimmtu sínfóníu
Tsjaikovskíjs en við smíð hennar var tónskáldinu umhugað um
framvinduna í lífi manneskjunnar; hvort við séum fyllilega við
stjórnvölinn og hvert sinnar gæfu smíður eða hvort örlögin
móti okkar æviveg. Tsjaikovskíj var sjálfur þeirrar skoðunar að
örlögin héldu um taumana og hefðu mikil áhrif á stormasamt
tilfinningalíf hans. Þetta heyrir berlega í glæsilegri tónlistinni.

Á tónleikunum er tónninn gefinn með litríkum forleik Webers
úr óperunni Der Freischütz, Töfraskyttunni. Þar er litrík tón-
list full af eftirvæntingu og fyrirheitum og á því vel við í upphafi
tónleikanna.



2. OKTÓBER

BARNASTUND SINFÓNÍUNNAR



4. OKTÓBER LAUGARDAGUR KL. 11:30 & 12:45
FLÓI HARPA

MIRIAN KHUKHUNAISHVILI HLJÓMSVEITARSTJÓRI
SIGURGEIR AGNARSSON EINLEIKARI
TOBBA TÓFA – STEINUNN ARINBJARNARDÓTTIR KYNNIR

Barnastundir Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru sniðnar að allra yngstu áheyrendum hljómsveitarinnar. Þær eru haldnar á laugardagsmorgnum og eru um hálf tímalangar í opnu og fallegu umhverfi Hörpu, í Flóa. Áhersla er lögð á létt og vinalagt andrúmsloft og nánd barnanna við hljómsveitina. Á fyrstu Barnastund vetrarins eru dýrin stór og smá í forgrunni. Þar hljóma m.a. Dýravisur, Kattadúettinn, Krummi krunkar úti og lög úr Dýrunum í Hálsaskógi og Skógarlífi. Kynnir í Barnastundinni er engin önnur en Tobba tófa, og Maxímús Músíkús kemur að sjálfsögðu í heimsókn í Flóa.

Barnastund að vori verður haldin í Flóa laugardaginn 18. apríl.

4. OKTÓBER



BARTÓK & RAVEL

9. OKTÓBER FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

DIMA SLOBODENIOUK HLJÓMSVEITARSTJÓRI
MARTIN HELMCHEN EINLEIKARI
CLAUDE DEBUSSY FORLEIKUR AÐ SÍÐDEGI SKÓGARPÚKANS
BÉLA BARTÓK PÍANÓKONSERT NR. 3
WITOLD LUTOSŁAWSKI SINFÓNÍA NR. 4
MAURICE RAVEL LA VALSE

Á þessum tónleikum leiða tveir framúrskarandi listamenn áheyrendur í gegnum í efnisskrá þar sem tónlist fjögurra frumkvöðla 20. aldarinnar verður leikin. Á fyrri hluta tónleikanna er teflt saman seiðandi og litfögurum tónum Debussys gegn þjóðlegri og hrynsterkari tónlist Béla Bartóks. Eftir hlé tekur við djarfur en fágaður stíll Lutosławskis í síðustu sífóníu hans og tónleikunum lýkur svo á hinni ljóðrænu en ástríðufullu túlkun Ravel á Vínarvalsinum.

Þýski píanóleikarinn Martin Helmchen er einn eftirsóttasti píanóleikari samtímans. Næm túlkun og blæbrigðarík tónmyndun ásamt óaðfínnanlegri tækni hefur fleytt honum á svið með helstu sífóníuhljómsveitum heims og verður spennandi að heyra hann spreyta sig á einleikshlutverkinu í 3. píanókonserti Bartóks. Finnski hljómsveitarstjórinn Dima Slobodeniouk heldur á tónsprotanum á þessum tónleikum en hann á það sameiginlegt með einleikaranum að stíga reglulega á svið með þekktustu hljómsveitum heims líkt og Sífóníuhljómsveitum Lundúna og Boston og Fílharmóníusveitum Berlínar og New York.

9. OKTÓBER

FRÖNSK VEISLA

16. OKTÓBER FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

MALIN BROMAN HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG EINLEIKARI

LOUISE FARRENC FORLEIKUR NR. 1
GABRIEL FAURÉ SVÍTA ÚR PELLÉAS ET MÉLISANDE
MAURICE RAVEL TZIGANE
JEAN-PHILIPPE RAMEAU SVÍTA ÚR HIPPOLYTE ET ARICIE
WOLFGANG AMADEUS MOZART SINFÓNÍA NR. 31, PARÍSARSINFÓNÍAN

Segja má að þessir tónleikar séu franskur tónlistarkonfekt-kassi með ýmsum bragðtegundum. Þeir hefjast á forleik úr smíðju Louise Farrenc en verk hennar hafa verið mörgum tónlistar-leg uppgötvun á síðustu árum. Forboðnar ástir Pelléas og Mélisande hafa heillað mörg tónskáld en Gabriel Fauré samdi fyrstur leikhústónlist við þetta fræga sýmbólíska leikrit eftir Maurice Maeterlinck skömmu eftir að það kom fram á sjónar-sviðið fyrir aldamótin 1900.

Hljómsveitarstjórinn og einleikarinn Malin Broman leikur því næst hið blóðheita Tzigane eftir Ravel, mikið glæsiverk fyrir fiðlu, og leiðir hljómsveitina áfram í glæsilegri barokksvítu Rameaus og snarpri háklassískri Parísarsinfóníu Mozarts. Verkið samdi Mozart í borginni við Signubakka og stimplaði sig um leið rækilega inn í tónlistarlíf Parísar.



16. OKTÓBER

NINA STEMME & STUART SKELTON

TRISTAN & ÍSOLD

23.OKTÓBER FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

EVA OLLIKAINEN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
NINA STEMME, STUART SKELTON
& HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR EINSÖNGVARAR

RICHARD WAGNER FORLEIKURINN AÐ
MEISTARASÖNGVURUNUM FRÁ NÜRNBERG
ÍGOR STRAVINSKÍJ SINFÓNÍA Í ÞREMUR ÞÁTTUM
RICHARD WAGNER PRELÚDÍA AÐ FYRSTA ÞÆTTI ÚR TRISTAN OG ÍSOLD,
TÓNLIST ÚR ÖÐRUM ÞÆTTI TRISTAN OG ÍSOLD,
LIEBESTOD ÚR ÞRIÐJA ÞÆTTI TRISTAN OG ÍSOLD

Óperan um Tristan og Ísold eftir Richard Wagner er af mörgum talin eitt af meistaraverkum tónbókmenntanna. Hún hefur heillað áhorfendur með margslungnum vangaveltum sínum um ástina og lífið, en ekki síður með einstöku tónmáli sem hlaðið er ljóð-rænni spennu og óvæntri framvindu. Á tónleikunum hljómar tón-list úr verkinu þar sem stórsöngvararnir Nina Stemme og Stuart Skelton fara með hlutverk elskendanna tveggja. Nina Stemme er fastagestur í stærstu óperu- og tónleikahúsum heims þar sem hún syngur mörg dramatískustu sópranhlutverk tónbókmennt-anna. Stuart Skelton hefur einnig skipað sér í röð fremstu tenóra samtímans, ekki síst fyrir túlkun sína á tónlist Wagners. Hanna Dóra Sturludóttir er ein kunnasta söngkona okkar Íslendinga og hefur sungið fjölbreytt hlutverk víða um heim. Hún syngur hlut-verk Brangäne, þernu Ísoldar.

Það er mikill fengur fyrir alla unnendur óperutónlistar að sjá og heyra þessa stórsöngvara saman á sviði Eldborgar flytja tónlist úr þessari stórkostlegu óperu. Það er Eva Ollikainen, aðalstjórn-andi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem stjórnar flutningi á þessari mögnuðu tónlist Wagners og teflir einnig fram nýklass-ískri sinfóníu Stravinskíjs í þremur þáttum sem mótvægi við alla rómantíkina.



23. OKTÓBER



MOZART & BRUCKNER

30. OKTÓBER FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

EVA OLLIKAINEN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
NOAH BENDIX-BALGLEY EINLEIKARI

WOLFGANG AMADEUS MOZART
FIÐLUKONSERT NR. 5
ANTON BRUCKNER SINFÓNÍA NR. 7

Fimmti og síðasti fiðlukonsert W. A. Mozarts var frumfluttur á tónleikum í Salzburg í desember fyrir 250 árum og þar var 19 ára tónskáldið sjálft í hlutverki einleikarans. Konsertinn er viðamestur allra fiðlukonserta Mozarts, leiftrar af hugmyndaauði og leikgleði og óvæntar hraða- og taktbreytingar teygja konsertformið inn á nýjar brautir. Hinn bandaríski Noah Bendix-Balgley er 1. konsertmeistari Fílharmóníusveitarinnar í Berlín, en kemur einnig reglulega fram sem einleikari með mörgum af fremstu hljómsveitum heims.

Sjöunda sinfónía Antons Bruckner er ein þekktasta sinfónía tónskáldsins og er talin meðal hornsteina síðrómantískrar sinfóniugerðar. Viðtökurnar á sinfóníunni mörkuðu þáttaskil á ferli Bruckners og skipuðu honum í fremstu röð sinfónískra tónskálda á 19. öld. Richard Wagner, sem var mikil fyrirmynd Bruckners, lést skömmu áður en smíði sinfóníunnar lauk og telja margir að virðing Bruckners fyrir óperutónskáldinu birtist með ýmsum hætti í sinfóníunni.

30. OKTÓBER

MUGISON



& SINFÓ

Í SAMSTARFI VIÐ ICELAND AIRWAVES

6. NÓVEMBER FIMMTUDAGUR KL. 19
7. NÓVEMBER FÖSTUDAGUR KL. 19
ELDBORG HARPA

BJARNI FRÍMANN BJARNASON
HLJÓMSVEITARSTJÓRI
MUGISON

Mugison er einn af okkar ástsælustu tónlistarmönnum og hefur samið og gefið út margar af þekktustu perlum síðari ára. Má þar nefna lög á borð við Stingum af, Gúanó-stelpan, Ljósvíkingur og Murr Murr. Nú stígur Mugison í fyrsta sinn á svið með Sinfóníu-hljómsveit Íslands undir stjórn Bjarna Frímanns Bjarnasonar og ferðast um tónlistarferil sinn, sem er litaður af tilfinningum, dýpt, óvæntum beygjum og einstökum hljóðheimi. Tónlist listamannsins fær nýjan lit í hljómsveitarútsetningum sem gerðar voru fyrir tilefnið.

Tónleikarnir eru framhald á samstarfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands við tónlistar-hátíðina Iceland Airwaves. Áður hefur Sinfó meðal annars leikið með John Grant, Jóhanni Jóhannssyni, Emilíönu Torrini, Ólafi Arnalds og nú síðast Ásgeiri Trausta.

6.–7. NÓVEMBER

SHOSTAKOVITSJ & PROKOFÍEV

13. NÓVEMBER FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

OSMO VÄNSKÄ HLJÓMSVEITARSTJÓRI
LIZA FERSCHTMAN EINLEIKARI

MARÍA HULD MARKAN SIGFÚSDÓTTIR BENTHOS – FRUMFLUTNINGUR
DMITRÍJ SHOSTAKOVITSJ FIÐLUKONSERT NR. 1
SERGEJ PROKOFÍEV SINFÓNÍA NR. 6

13. NÓVEMBER



Heiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Osmo Vänskä, tekur hér á móti hollenska fiðluleikaranum Lizu Ferschtman sem hefur á síðustu árum skapað sér afar farsælan feril sem einleikari með mörgum af fremstu hljómsveitum heims. Liza tekst á við fyrsta fiðlukonsert Dmitríj Shostakovitsj, margslungna og glæsilega tónsmíð sem er uppfull af áhrifamiklum átökum og spennu. Konsertinn var saminn 1947–48 í skugga ofsókna á hendur tónskáldinu og var ekki frumfluttur fyrr en nokkrum árum eftir dauða Stalíns. Sjötta sinfónía Sergejs Prokofiev var samin á sama tíma og fiðlukonsert Shostakovitsj og er af mörgum talin krúnudjásn hinna sjö sinfónía meistarans. Kraftmikið og dulúðugt verk sem tónskáldið sagði vera samið til minningar um fórnarlömb innrásarstríðs Þjóðverja. Áður en dramatik Sovéttímans tekur yfir er gleðilegt að hljómsveitin frumflytji nýtt verk eftir Maríu Huld Markan sem vakið hefur verðskuldaða athygli fyrir tónsmíðar sínar á undanförunum árum.

„Liza Ferschtman nálgast verkið með fingerðum blæbrigðum; leikur hennar er geislandi, orkumikill og algjörlega heillandi. Augnablikin þegar áferðin léttist og fiðlan stendur ein eru sérlega hrífandi. Listfengi Ferschtman og tjáningarkraftur bregðast aldrei.“

THE STRAD

LIZA FERSCHTMAN LEIKUR BACH

EINLEIKSTÓNLEIKAR
Í FÖSTUDAGSRÖÐ

14. NÓVEMBER FÖSTUDAGUR KL. 18
NORÐURLJÓS HARPA

LIZA FERSCHTMAN EINLEIKARI

JOHANN SEBASTIAN BACH PARTÍTA NR. 2 BWV 1004
& SÓNATA NR. 2 BWV 1003

Hollenski fiðluleikarinn Liza Ferschtman er þekkt fyrir ástríðu-
fullan flutning og góða tengingu við áheyrendur. Hún hefur hlotið
mikla athygli og viðurkenningu fyrir einstaka túlkun sína á ein-
leikssónötum Johanns Sebastians Bach og hér tekst hún á við
tvö þessara lykilverka barokktímans. Sónötur og partítur meist-
arans fyrir einleiksfíðlu eru sex talsins og þykja meðal hápunkta
fiðlubókmennta í vestrænni tónlistarsögu. Þær voru að öllum
líkindum samdar nálægt 1720, þegar Bach var í þjónustu prins-
ins af Anhalt-Köthen. Þessi ár einkenndust af miklum afköstum
Bachs á sviði hljóðfæratónlistar en þá fæddust t.d. svíturnar sex
fyrir einleiksselló, fjórar hljómsveitarsvítur og Brandenburgar-
konsertarnir sex.

Í verkunum birtist fiðlan okkur sem fjölradda hljóðfæri og hinn
þéttofni vefur Bachs gerir oft gríðarlegar kröfur til hljóðfæraleik-
arans. Lokapáttur partítunnar sem hér hljómar, Sjakonna, er af
mörgum álitin ein mikilfenglegasta tónsmíð sögunnar. Þýska
tónskáldið Johannes Brahms skrifaði m.a. um verkið í bréfi til
Clöru Schumann: „Á einn nótnastreng, fyrir lítið hljóðfæri ritar
maðurinn [Bach] heila veröld af hinum dýpstu hugsunum og
sterkustu tilfinningum.“



14. NÓVEMBER

SIBELIUS & BEETHOVEN

20. NÓVEMBER FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

TOMÁŠ HANUS HLJÓMSVEITARSTJÓRI
GUIDO SANT'ANNA EINLEIKARI

JEAN SIBELIUS FIÐLUKONSERT
LUDWIG VAN BEETHOVEN SINFÓNÍA NR. 3, EROICA

Brasilíska ungstirnið Guido Sant'Anna heimsækir Ísland í
fyrsta sinn og leikur einleik í hinum sívinsæla og glæsilega fiðlu-
konserti eftir Jean Sibelius. Sant'Anna skaust upp á stjörnuhimin
fiðluleiksins þegar hann bar sigur úr bytum í Fritz Kreisler fiðlu-
keppninni árið 2022, fyrstur suður-amerískra fiðluleikara. Fáir
einleikskonserter eru jafn safaríkir og ástríðufullir og vinsældir
verksins því auðskiljanlegar þegar hlýtt er á konsertinn.

Aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Tomáš
Hanus, stjórnar 3. sínfóníu Beethovens á seinni hluta tónleik-
anna. Hetjusinfónían svokallaða markaði þáttaskil í tónlistar-
sögunni þegar hún var frumflutt árið 1805. Verkið var lengra og
flóknara en áður hafði komið fram í heimi sínfónískrar tónlistar,
tilfinningaleg dýpt þess var meiri og öll framvinda sínfóníunnar
byltingarkennd. Fá verk eru jafn rækilega tengd þeim samtíma
sem þau eru sprottin úr, tónskáldið tileinkaði verkið Napoleon
Bonaparte en stríkaði síðar yfir tileinkunina.



20. NÓVEMBER

HARRY POTTER & ELDBIKARINN™

BÍÓTÓNLEIKAR

27. NÓVEMBER FIMMTUDAGUR KL. 19
28. NÓVEMBER FÖSTUDAGUR KL. 19
29. NÓVEMBER LAUGARDAGUR KL. 14
ELDBORG HARPA

MIKE NEWELL LEIKSTJÓRI
PATRICK DOYLE TÓNLIST
TIMOTHY HENTY HLJÓMSVEITARSTJÓRI



Fyrst metsölubók, svo stórmynd – nú töfrandi tónleikar! Í fyrsta sinn geta áhorfendur nú horft á Harry Potter og Eldbikarinn™ með ógleymanlegri tónlist Patrick Doyle í flutningi Sinfóníu-
hljómsveitar Íslands á meðan gestir fylgjast með Harry Potter svífa um tjaldið. Búðu þig undir að berjast við dreka, synda með marfólki og komast að því hver setti nafnið hans Harry í Eldbikarinn™!

Kvikmyndin er sýnd með íslenskum texta. Myndin er ekki við hæfi barna yngri en 12 ára.

All characters and elements © & ™ Warner Bros. Entertainment Inc. Publishing Rights © JKR.

27. – 29. NÓVEMBER



AÐVENTUTÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

Við sláum hátíðlegan takt í upphafi aðventu með komu ítalska hljómsveitarstjórans og fiðluleikarans Fabio Biondi en hann er einn af þekktustu stjórnendum samtímans á sviði tónlistar frá barokk- og klassíska tímanum. Biondi stofnaði kammersveitina Europa Galante árið 1989 og hefur gefið út yfir 60 hljómdiska með þeirri virtu sveit. Hér leiðir hann Sinfóníuhljómsveit Íslands í efnisskrá sem inniheldur margar þekktar perlur úr tónbókmenntum fyrri tíma.

Einleikari tónleikanna er óbóleikarinn Julia Hantschel, en hún hefur leitt óbódeild Sinfóníuhljómsveitarinnar frá árinu 2018 og leikur hinn gullfallega óbókonsert í d-moll eftir Johann Sebastian Bach. Meðal annarra verka er stutt og tápmikil sínfónía nr. 10 sem Mozart samdi á fyrstu ferð sinni um Ítalíu, þá 14 ára gamall. Sinfónía nr. 49 eftir Joseph Haydn er á hinn bóginn verk eftir þroskaðan listamann, full af ákefð og innri hvöt.

4. DESEMBER FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

FABIO BIONDI HLJÓMSVEITARSTJÓRI
JULIA HANTSCHSEL EINLEIKARI
ARCANGELO CORELLI CONCERTO GROSSO OP. 6 NR 8, JÓLAKONSERTINN
WOLFGANG AMADEUS MOZART EINE KLEINE NACHTMUSIK
JOHANN SEBASTIAN BACH ÓBÓKONSERT Í D-MOLL
WOLFGANG AMADEUS MOZART SINFÓNÍA NR. 10
JOSEPH HAYDN SINFÓNÍA NR. 49, ÞÍSLARSINFÓNÍAN

4. DESEMBER

JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

LITLI TÓNSPROTINN



13. DESEMBER LAUGARDAGUR KL. 14 & 16
14. DESEMBER SUNNUDAGUR KL. 14 & 16
ELDBORG HARPA

ELIAS BROWN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
TRÚÐURINN BARBARA KYNNIR
KRISTJANA STEFÁNSDÓTTIR
OG EINAR ÖRN MAGNÚSSON EINSÖNGVARAR
KOLBRÚN VÖLKUDÓTTIR EINSÖNGUR Á TÁKNMÁLI
BJÖLLUKÓRAR TÓNLISTARSKÓLA REYKJANESBÆJAR
OG TÓNSTOFU VALGERÐAR, DANSARAR ÚR
LISTDANSSKÓLA ÍSLANDS, STÚLKNAKÓR
REYKJAVÍKUR OG KAMMERKÓRINN AURORA
O.FL. GESTIR

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa um árabíl notið mikilla vinsælda meðal gesta á öllum aldri. Á þessum hátíðlegu fjölskyldutónleikum hljóma sígildar jólaperlur og klassísk jóla-ævintýri sem koma öllum í hið sanna jólasþap. Að vanda stíga margir ungir listamenn sín fyrstu spor á þessum tónleikum, jafnt einleikarar, dansarar sem og kórar.

Einsöngvarar í ár eru jazzsöngvararnir Kristjana Stefánsdóttir og Einar Örn Magnússon og Kolbrún Völkudóttir syngur á táknmáli. Trúðurinn Barbara, besta vinkona Halldóru Geirharðsdóttur leikkonu, kynnir tónleikana á sinn einstaka hátt.

Þetta eru sannarlega tónleikar fyrir jólabörn á öllum aldri. Tónleikarnir eru túlkaðir á táknmáli.

VÍNAR- TÓNLEIKAR

NÝÁRSTÓNLEIKAR

8. JANÚAR FIMMTUDAGUR KL. 19:30
9. JANÚAR FÖSTUDAGUR KL. 19:30
10. JANÚAR LAUGARDAGUR KL. 16 & 19:30
ELDBORG HARPA

SASCHA GOETZEL HLJÓMSVEITARSTJÓRI
EYRÚN UNNARSDÓTTIR
OG SVEINN DÚA HJÖRLEIFSSON EINSÖNGVARAR

Hinir sívinsælu Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru sannkölluð nýársveisla og sú léttu og skemmtilega tónlist sem þar hljómar gefur tóninn fyrir nýtt ár.

Á efnisskránni er að vanda sígild Vínartónlist sem kemur öllum í gott skap – valsar, polkar og galopp – en meðal fastra punkta á tónleikunum ár eftir ár eru Keisaravalsinn og Dónárvalsinn eftir Jóhann Strauss yngri. Þá hljóma ariur og dúettar úr vinsælum óperettum í flutningi tveggja framúrskarandi einsöngvara. Sópransöngkonan Eyrún Unnarsdóttir hefur fengið mikið lof fyrir bjarta og tjáningarríka túlkun og hefur hlotið verðlaun í alþjóðlegum söngkeppnum. Sveinn Dúa er íslenskum tónleikagestum vel kunnugur og hefur oft komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands, m.a. í 9. sínfóníu Beethovens við opnun Hörpu 2011.

Auk þeirra koma fram samkvæmisdansarar sem stíga létt og glæsileg spor í Eldborg undir dynjandi tónlistinni.

Vínartónleikarnir eru ævinlega fullkominn upptaktur að nýju ári.



„Clara-Jumi Kang sýndi að hún er einleikari sem býr ekki aðeins yfir tæknilegri fullkomnun, heldur einnig hæfni til að skapa tónlist með merkingu og næmni, með sterkum litbrigðum og tjáningarríkri tónmyndun.“

GAGNRÝNANDI, BACHTRACK



BEETHOVEN & SHOSTAKOVITSJ

15. JANÚAR FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

BJARNI FRÍMANN BJARNASON
HLJÓMSVEITARSTJÓRI
CLARA-JUMI KANG EINLEIKARI

LUDWIG VAN BEETHOVEN FIÐLUKONSERT
DMÍTRÍJ SHOSTAKOVITSJ SINFÓNÍA NR. 5

Tvö stórvirki tónlistarsögunnar eru viðfangsefni hljómsveitarinnar á þessum tónleikum. Viðtökurnar við þeim á sínum tíma voru engu að síður afar misjafnar.

Það verður nefnilega seint sagt að fiðlukonsert Beethovens hafi slegið í gegn þegar hann var frumfluttur á köldu desemberkvöldi í Vínarborg árið 1806. Konsertinum var mætt af miklu fálæti og féll hann fljótt í gleymsku. Það var svo tæpum 40 árum síðar að hinn 12 ára gamli Joseph Joachim flutti konsertinn í London undir stjórn Felix Mendelssohns. Þá loks var heimurinn tilbúinn að meðtaka þennan mikilfenglega sínfóníska fiðlukonsert og hefur hann alla tíð síðan verið fastagestur á tónleikadag-skrám hljómsveita og fiðluleikara um heim allan.

Fimmtu sínfóníu Shostakovitsj var á hinn bóginn tekið fagnandi með standandi lófataki við frumflutninginn árið 1937. Almennungur fagnaði og það sem meira var, pólitísk yfirvöld í Sovétríkjunum gerðu það einnig. Það þykir þó næsta víst að túlkun þeirra á verkinu hafi ekki verið sú sama. Yfirvöld heyrðu „heiðarlegt svar sovésks listamanns við réttmætri gagnrýni“ líkt og þekkt tilvitnun segir, á meðan almennungur upplifði verkið sem áhrifamikla lýsingu á kúgun Stalínstímans. Sínfónían hefur engu að síður verið sú sínfónía Shostakovitsj sem flutt er hvað oftast og lætur engan ósnortinn.

Kóresk-þýski fiðluleikarinn Clara-Jumi Kang nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar fyrir tónlistarhæfileika sína og tæknilega færni. Á ferli sínum hefur hún hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga. Upptaka hennar ásamt píanóleikaranum Sunwook Kim á öllum fiðlusónötum Beethovens, sem út kom hjá Accentus árið 2021, hefur fengið afar góða dóma og tilnefningar. Hljómsveitarstjórinn, Bjarni Frimann Bjarnason, hefur stjórnað Sínfóníuhljómsveit Íslands margoft við góðan orðstír.

BRAHMS & SAARIAHO

22. JANÚAR FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

JAN SÖDERBLOM HLJÓMSVEITARSTJÓRI
VERNERI POHJOLA EINLEIKARI

LOTTA WENNÄKOSKI HAVA
KAIIJA SAARIAHO HUSH, KONSERT FYRIR TROMPET OG HLJÓMSVEIT
JOHANNES BRAHMS SINFÓNÍA NR. 2



Það svífur finnskur andi yfir vötnum á þessum tónleikum. Hljómsveitarstjórinn Jan Söderblom starfar sem konsert-meistari í Fílharmóníusveitinni í Helsinki og einleikarinn Vernerí Pohjola er óvenju fjölhæfur tónlistarmaður, jafnvígur á tilrauna-kenndan djass og samtímatónlist. Fá verk í finnsku tónlistarlífi hafa vakið jafn mikla athygli á undanförnum árum og hinn glæsi-legi og tæknilega krefjandi trompetkonsert Hush sem var síð-asta verkið sem tónskáldið Kaija Saariaho samdi fyrir andlát sitt árið 2023. Verkið frumflutti Pohjola ásamt finnsku útvarpshljóm-sveitinni skömmu síðar en í því tókst Saariaho á við eigin veikindi og sársauka á sérlega áhrifaríkan og einlægan máta. Á undan flutningnum á Hush stjórnar Söderblom verkinu Hava eftir hina finnsku Lottu Wennäkoski, litríku og dýnamísku tónverki. Á síðari hluta tónleikanna leiðir Söderblom svo flutning á hinni glæsilegu 2. sínfóníu Brahms frá fyrsta púlti í fiðlusveitinni en ekki frá hljómsveitarstjórappallinum, eins og venjan er.

MACMILLAN Á MYRKUM



„Það má með sanni segja að tónlist James MacMillans hafi alltaf verið kröftug, tilfinningaþrungin og rík af innsæi, en þó umlukin vitsmunalegri nákvæmni – þetta sérstaka skoska eðli sem stöðvar einstaklinginn af rétt áður en hann afhjúpar sál sína algjörlega. Básúnukonsert hans er hins vegar stálheiðarlegt, persónulegt og sársaukafullt ákall.“

THE SCOTSMANN

29. JANÚAR FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

SIR JAMES MACMILLAN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
JÓN ARNAR EINARSSON EINLEIKARI

BÁRA GÍSLADÓTTIR DÆGRIN – FRUMFLUTNINGUR
KJARTAN SVEINSSON NÝTT VERK – FRUMFLUTNINGUR
JAMES MACMILLAN BÁSÚNUKONSERT
SNORRI SIGFÚS BIRGISSON KONSERT NR. 2 FYRIR HLJÓMSVEIT

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Myrkum músík-dögum verða frumflutt tvö ný íslensk tónverk, eftir þau Báru Gísladóttur og Kjartan Sveinsson.

Ferill Báru er á mikilli uppleið og hefur hún hlotið fjölda verð-launa og viðurkenninga fyrir tónsköpun sína. Nú síðast hlaut hún heiðursverðlaun Carls Nielsen og Anne Marie Carl-Nielsen, ein virtustu menningarverðlaun sem veitt eru í Danmörku. Kjartan Sveinsson hefur fyrir löngu öðlast viðurkenningu sem ótrúlega fjölbær tónlistarmaður og tónskáld, fyrst sem einn af for-sprökkum hljómsveitarinnar Sigur Rósar en einnig fyrir tónsmíð-ar sínar sem fluttar hafa verið víða. Kjartan hefur unnið náið með myndlistarmanninum Ragnari Kjartanssyni, leikstjóranum Rúnari Rúnarssyni og fjölda annarra. Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti m.a. Stríð, verk þeirra Ragnars og Kjartans, á sýningu í Þjóðleik-húsinu árið 2018. Á tónleikunum verður einnig fluttur hljóm-sveitarkonsert nr. 2 eftir Snorra Sigfús Birgisson en konsertinn hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem tónverk ársins 2024.

Skoska tónskáldið Sir James MacMillan er hljómsveitarstjóri tónleikanna en óhætt er að fullyrða að hann sé eitt þekktasta tónskáld samtímans. Sinfóníuhljómsveitin hefur flutt nokkur verka hans í áranna rás en á þessum tónleikum hljómar básúnu-konsert hans frá árinu 2017. Einleikari í þessum krefjandi en áhrifamikla einleikskonsert er leiðari básúnudeildar hljóm-sveitarinnar, Jón Arnar Einarsson.

Tónlistarhátíðin Myrkir músíkdagar er ein elsta tónlistarhátíð landsins, stofnuð árið 1980 af Tónskáldafélagi Íslands og hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands verið þátttakandi á hátíðinni frá upphafi.

HLJÓMSVEITARSTJÓRA- AKADEMÍAN



5. FEBRÚAR FIMMTUDAGUR KL. 12
ELDBORG HARPA
EVA OLLIKAINEN LEIÐBEINANDI
LUDWIG VAN BEETHOVEN FORLEIKURINN AÐ PRÓMEÞEIFI
WOLFGANG AMADEUS MOZART SINFÓNÍA NR. 40

Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur nú í sjöunda sinn námskeið í hljómsveitarstjórn undir stjórn og leiðsögn Evu Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóra sveitarinnar. Í akademíunni fær ungt og efnilegt tónlistarfólk tækifæri til þess að spreyta sig á stjórn-andapallinum og stjórna hljómsveitinni, undir styrkri hand-leiðslu Evu Ollikainen. Akademían er fyrst og fremst vettvangur nemenda sem lokið hafa miðprófi hið minnsta í hljóðfæraleik eða söng. Völdum nemendum gefst svo tækifæri til að stjórna Sinfóníuhljómsveit Íslands á opnum hádegistónleikum í lok námskeiðsins.

Þetta starf er farið að bera ríkulegan ávöxt og hafa nemendur akademíunnar þegar látið til sín taka á pallinum, bæði hér heima og erlendis.

Viðburðurinn er öllum opinn og geta gestir fylgst með þess-um hæfileikaríku stjórnendum stíga sín fyrstu skref á pallinum. Aðgangur er ókeypis.

ENDURVINNSLAN

LITLI TÓNSPROTINN



14. FEBRÚAR LAUGARDAGUR KL. 14
ELDBORG HARPA
INGUNN KORSGÁRD HAGEN
HLJÓMSVEITARSTJÓRI
TRASH SLAGVERKSDÚÓ

Thomas og Jesper eru slagverkssnillingar sem mynda tvíeykið Trash. Þeir leiða gesti Litla tónsprotans, ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands, inn í kraftmikinn og spennandi hljóðheim þar sem klassískur flutningur rennur saman við óhefðbundin hljóðfæri og einstaka hljóðgjafa. Slagverksleikararnir nota m.a. ruslatunn-ur, hjól og rör á frumlegan og skapandi hátt þar sem hávaði er breytt í hljómandi fegurð. Tónleikagestum er boðið að stíga inn í spennandi og ófyrirsjáanlegt ævintýri sem heldur hlustandanum fönnum frá upphafi til enda.

Á dagskránni eru verk eftir Rossini, Grieg, Khatsjaturjan, Brahms og fleiri klassíska meistara en skapandi endurvinnsla setur sterkan svip á tónleikana.

Tónleikarnir, sem eru sniðnir að ungum áheyrendum, eru um klukkustundarlangir og án hlés.

SARASTE < STJÓRNAR BRUCKNER



19. FEBRÚAR FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

JUKKA-PEKKA SARAŠTE HLJÓMSVEITARSTJÓRI
FRANCESCO PIEMONTEŠI EINLEIKARI

SERGEI RAKHMANÍNOV PÍANÓKONSERT NR. 3
ANTON BRUCKNER SINFÓNÍA NR. 6

Píanókonsert nr. 3 í d-moll eftir Rakhmanínov er einn þekktasti píanókonsert sögunnar og eftirlæti tónlistarunnenda um heim allan. Hann er talinn einn mest krefjandi konsert sem píanóleikari getur tekist á við, jafnt tæknilega sem tilfinningalega. Konsertinn er hlaðinn hrifandi ljóðrænni tjáningu, stórbrotnum hápunktum og nær ókleifum áskorunum í leiktækni. Svissnesk-ítalski píanóleikarinn Francesco Piemontesi er orðinn vel þekktur á tónleikasviðinu víða um heim og hefur unnið með mörgum helstu hljómsveitum og stjórnendum samtímans. Einn þeirra er stjórnandi þessara tónleika, Jukka-Pekka Saraste, aðalstjórnandi hinnar virtu Fílharmoníusveitar í Helsinkí. Saraste hefur stjórnað helstu hljómsveitum hins vestræna heims og túlkun hans á hljómsveitarverkum síðrómantíkurinnar hefur hvarvetna vakið athygli. Sjötta sínfónía Bruckners þykir einstök í höfundarverki Bruckners fyrir tilfinningaríka úrvinnslu stefja, fjölbreytta hljómræna framvindu og flókna hrynjandi.

CAROLINE SHAW



PORTRETT

FÖSTUDAGSRÖÐ

27. FEBRÚAR FÖSTUDAGUR KL. 18
ELDBORG HARPA

DANÍEL BJARNASON
HLJÓMSVEITARSTJÓRI
CAROLINE SHAW EINLEIKARI
KAMMERKÓRINN AURORA

CAROLINE SHAW
ENTR'ACTE, IN MANUS TUAS,
ITS MOTION KEEPS, LO, FIÐLUKONSERT

Bandaríska tónskáldið, fiðluleikarinn og söngkonan Caroline Shaw er ein mest spennandi röddin í samtímatónlist í dag. Tónlist Shaw og aðferðir hafa vakið mikla athygli, víða um lönd og langt út fyrir heim sigildrar tónlistar, fyrir hugmyndaauðgi og tilraunamennsku sem kallar á túlkun og virka aðkomu hlustenda. Shaw, sem upphaflega er menntaður fiðluleikari, snéri sér eftir fiðlunámið að tónsmíðum með góðum árangri. Hún er margverðlaunuð á Grammy-verðlaununum en skaust upp á stjörnuhimininn árið 2013, þegar hún hlaut Pulitzer-verðlaunin sem tónskáld fyrir partítu sína fyrir átta raddir. Shaw var þá yngst allra þeirra sem höfðu hlotið þau virtu verðlaun fyrir tónsmíðar. Verk Caroline Shaw gera oft miklar kröfur til flytjenda en bera líka með sér einhvern ríkan tíðaranda. Hluti þeirra höfundareinkenna er rík meðvitund um arf tónlistarsögunnar sem vefur sér leið inn í tónmálið á úthugsaðan máta.

Á þessum óvenjulegu tónleikum Caroline Shaw kynnumst við fjórum mjög svo ólíkum verkum hennar. Á tónleikunum verður hefðbundið tónleikaform brotið upp og mun hljómsveitin vera í hringuppstillingu á sviði. Áhorfendur sitja umhverfis hljómsveitina á kórögnum, til hliðar við svið og í fremstu röðum í salnum. Með þessu móti gefst áhorfendum tækifæri til að upplifa hljóm og flutning hljómsveitarinnar á einstakan hátt.

Tónleikarnir eru um klukkustundarlangir og án hlés.

27. FEBRÚAR

TOMÁŠ HANUS &

STEFÁN RAGNAR

5. MARS FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

TOMÁŠ HANUS HLJÓMSVEITARSTJÓRI
STEFÁN RAGNAR HÖSKULDSSON EINLEIKARI

JÓN NORDAL ADAGIO
LOWELL LIEBERMANN FLAUTUKONSERT NR. 2
ANTONÍN DVOŘÁK SVÍTA Í A-DÚR
BOHUSLAV MARTINŮ SINFÓNÍA NR. 6

Það voru stórfréttir í íslensku tónlistarlífi í mars síðastliðnum þegar tilkynnt var að Stefán Ragnar Höskuldsson hefði verið valinn til að gegna stöðu fyrsta flautuleikara hjá Fílharmoníusveit Berlínar. Því er það mikið gleðiefni að þessi stórkostlegi tónlistarmaður komi nú hingað heim til að leika einleik í flautukonsert sem var saminn sérstaklega fyrir hann og Stefán frumflutti í mars 2024 ásamt Sinfóníuhljómsveitinni í Chicago. Tónmál konsertsins, sem er eftir Lowell Liebermann, er einkar glæsilegt og aðgengilegt, en í einleikspartinum eru miklar kröfur gerðar til flautuleikarans.

Hinn tékkneski Tomáš Hanus, aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, stjórnar að auki tónlist eftir tvo landa sína í síðari hluta tónleikanna. Svítan eftir Dvořák er yfirleitt kölluð „hin ameríska“ enda var hún samín í heimsborginni New York, þar sem áhrif bandarískrar tónlistar og tónlistar frá heimaslóðum tónskáldsins blandast fallega saman.

Sjötta sinfónía annars tékknesks tónskálds, Bohuslav Martinů, er sérlega glæsilegt tónverk, litríkt og óvenjulegt í formi og útsetningu fyrir hljómsveit. Sinfónían er nú flutt í fyrsta sinn á tónleikum hér á landi.

Tónleikarnir hefjast á hinu áhrifaríka Adagio fyrir flautu, píanó, hörpu og strengi eftir Jón Nordal sem var lykilverk á tónsmíðaferli Jóns. Í mars 2026 verða 100 ár liðin frá fæðingu tónskáldsins sem lést í desember 2024.



5. MARS

KIAN SOLTANI LEIKUR LUTOSŁAWSKI

12. MARS FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

EVA OLLIKAINEN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
KIAN SOLTANI EINLEIKARI

JEAN SIBELIUS DÓTTIR NORÐURSINS
WITOLD LUTOSŁAWSKI SELLÓKONSERT
JEAN SIBELIUS SINFÓNÍA NR. 2

Staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sellóleikarinn Kian Soltani, þykir einn athyglisverðasti sellóleikari sinnar kynslóðar. Hann er margverðlaunaður, síðast hinum þýsku Opus Klassik verðlaunum. Soltani, ásamt Evu Ollikainen aðalhljómsveitarstjóra, kynnir hér tónleikadagskrá væntanlegrar Evrópureisu hljómsveitarinnar. Þar leikur tónlist finnska tónskáldsins Jean Sibelius stórt hlutverk. Dóttir norðursins sækir innblástur sinn í Kalevala ljóðabálkinn og segir í verkinu frá samskiptum hins göldrótta öldungs Väinämöinen við dóttur norðursins. Önnur sinfónía Sibeliusar er ein vinsælasta sinfónía hans. Viðtökurnar voru einstakar og gagnrýnendur kepptust við að ausa sinfóníuna lofi: Algert meistaraverk! Tónlistarunnendur hafa alla tíð eftir frumflutninginn verið sammála um að það hafi verið rétt mat.

Annað meistaraverk, en öllu yngra, er sellókonsert Lutosláwskis frá árinu 1970. Allt frá frumflutningi sellósnillingsins Mstislavs Rostropovitsj hefur konsertinn notið fádæma vinsælda. Konsertinn er hlaðinn orku, ljóðrænu og mikilli dramatík og var valinn einn af tíu bestu sellókonsertum tónlistarsögunnar af gagnrýnendum BBC tónlistartímaritsins haustið 2024.



ELGAR & ELDFUGLINN

FÖSTUDAGSRÖÐ

Á þessum tónleikum er boðið upp á tónlist sem Sinfóníuhljómsveit Íslands verður með í farangrinum á tónleikaferð til Evrópu. Sellókonsert Edwards Elgar er eitt dádasta einleiksverk tónlistarsögunnar og hér njóta sín til fullnustu einstök tók einleikarans, Kians Soltani, á hljóðfærinu. Þessi tilfinningaþrungna tónlist kviknaði upp úr hildarleik fyrri heimsstyrjaldar og þeirri angist sem átökin sköpuðu, jafnt í samskiptum þjóða og í hugarheimi næmra listamanna á borð við Elgar sjálfan.

Eldfuglinn verður einnig með í ferðalaginu, hljómsveitarsvítan litríka sem Ígor Stravinskíj vann upp úr byltingarkenndum balletti sínum sem frumfluttur var árið 1910. Fuglinn sá sprettur úr rússneskri þjóðsagnahefð, tónlistin er litrík og þar eru allir möguleikar sinfóníuhljómsveitar nýttir til hins ýtrasta. Í verkinu takast á góð og ill öfl en sem betur fer gengur allt fallega upp að lokum.

13. MARS FÖSTUDAGUR KL. 18
ELDBORG HARPA

EVA OLLIKAINEN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
KIAN SOLTANI EINLEIKARI

EDWARD ELGAR SELLÓKONSERT
ÍGOR STRAVINSKÍJ SVÍTA ÚR ELDFUGLINUM

„Á undanförnum árum hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands fest sig í sessi sem afar hæf hljómsveit með röð hljóðritana sem gefin hafa verið út hjá virtum útgáfufyrirtækjum, svo þetta var spennandi tækifæri til að heyra í hljómsveitinni í lifandi flutningi. Hún kom fram undir stjórn hinnar innblásnu og kraftmiklu Evu Ollikainen, sem skipuð var aðalhljómsveitarstjóri sveitarinnar 2019.“

SEEN AND HEARD INTERNATIONAL

EVROPUFERÐ

18. – 26. MARS
EVA OLLIKAINEN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
KIAN SOLTANI EINLEIKARI

Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur í tónleikaferð um Evrópu í mars og leikur þar á sex tónleikum undir stjórn Evu Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóra sveitarinnar. Einleikari í ferðinni er Kian Soltani, einn virtasti sellóleikari samtímans, en hann er jafnframt staðarlistamaður hljómsveitarinnar á starfsárinu. Verkið ARCHORA eftir Önnu Þorvaldsdóttur verður flutt á öllum tónleikum ferðarinnar og önnur verk á efnisskrá eru selló-konsertar eftir Edward Elgar og Witold Lutosławski. Auk þess hljóma í ferðinni sínfónía nr. 2 og Dóttir norðursins eftir Jean Sibelius ásamt Eldfuglinum eftir Ígor Stravinskíj.

Tónleikasalirnir sem hljómsveitin leikur í eru með þeim glæsilegustu í Evrópu; M.a. Elbphilharmonie í Hamborg, Tonhalle í Zurich, Victora Hall í Genf og Palau de la Música í Barcelona.

18. – 26. MARS



BARCELONA PALAU DE LA MÚSICA 18. MARS KL. 20

JEAN SIBELIUS DÓTTIR NORÐURSINS
EDWARD ELGAR SELLÓKONSERT
ANNA ÞORVALDSDÓTTIR ARCHORA
ÍGOR STRAVINSKÍJ SVÍTA ÚR ELDFUGLINUM

GENF VICTORIA HALL 20.MARS KL. 19:30
BERN CASINO 21. MARS KL. 19:30
ZÜRICH TONHALLE 22. MARS KL. 18
HEIDELBERG STADTHALLE 24. MARS KL. 19:30

ANNA ÞORVALDSDÓTTIR ARCHORA
EDWARD ELGAR SELLÓKONSERT
JEAN SIBELIUS SINFÓNÍA NR. 2

HAMBORG ELBPHILHARMONIE 26. MARS KL. 20

JEAN SIBELIUS DÓTTIR NORÐURSINS
WITOLD LUTOSŁAWSKI SELLÓKONSERT
ANNA ÞORVALDSDÓTTIR ARCHORA
ÍGOR STRAVINSKÍJ SVÍTA ÚR ELDFUGLINUM

E.T.

THE EXTRA-TERRESTRIAL
BÍÓTÓNLEIKAR

9. APRÍL FIMMTUDAGUR KL. 19
10. APRÍL FÖSTUDAGUR KL. 19
11. APRÍL LAUGARDAGUR KL. 14
ELDBORG HARPA

JOHN WILLIAMS TÓNLIST
STEVEN SPIELBERG LEIKSTJÓRI
CALEB YOUNG HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Hjartnæmt meistaraverk leikstjórans Stevens Spielberg, E.T. The Extra-Terrestrial, er ein skærasta stjarnan í kvikmynda-sögunni. Myndin er full af óviðjafnanlegum töfrum þar sem sögð er falleg saga af lítilli, týndri geimveru sem vingast við 10 ára gamlan dreng að nafni Elliott.

Upplifðu leyndardómana og gleðina í þessu ógleymanlega ævintýri sem heillað hefur áhorfendur um allan heim. Kvikmyndin er sýnd á stórum HD-skjá við lifandi flutning heillar sínfóníuhljómsveitar á tónlist Óskarsverðlaunahafans® John Williams.

Ekki missa af E.T. við lifandi tónlistarflutning Sínfóníuhljómsveitar Íslands. Upplifðu töfrana enn á ný!

©A.M.P.A.S.®

9. – 11. APRÍL



E.T. The Extra-Terrestrial is a trademark and copyright of Universal Studios.
Licensed by Universal Studios. All Rights Reserved.



SKÖPUN



HEIMSINS

„Barbara er ólík öllum öðrum;
ástríðufull sópransöngkona og
hljómsveitarstjóri sem fer sína
einstöku og hugrökku leið.“

ÚR RÖKSTUÐNINGI DÓMNEFNDAR
POLAR-TÓNLISTARVERÐLAUNANNA

16. APRÍL FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

BARBARA HANNIGAN HLJÓMSVEITARSTJÓRI

JOSEPH HAYDN KYNNING ÓREIÐUNNAR ÚR SKÖPUNINNI
RUTH CRAWFORD SEEGER ANDANTE FYRIR STRENGJASVEIT
JOSEPH HAYDN SINFÓNÍA NR. 64, TEMPORA MUTANTUR
GYÖRGY LIGETI LONTANO
RICHARD STRAUSS SVO MÆLTI ZARAPÚSTRA

Sköpun heimsins er yfirskrift þessara tónleika, þar sem Barbara Hannigan fer með tónleikagesti í ferðalag um tíma og rúm með efnisskrá sem spannar rúm 200 ár tónlistarsögunnar. Upphafstónarnir eru sóttir í forleikinn að Sköpuninni eftir Haydn, Kynningu óreiðunnar, sem flæðir inn í hæglátt strengjasveitarverk bandaríska tónskáldsins Ruth Crawford Seeger. Hugleiðingar um flæði tímans halda áfram með sínfóníu Haydns nr. 64 sem ber hina kunnuglegu yfirskrift „Tímarnir breytast“.

Það er sem tíminn standi í stað í hinu kynngimagnaða verki György Ligetis, Lontano. Flóktandi hljóðmassar ljóss og skugga gera þetta dáleiddandi tónverk eitt af hornsteinum hljómsveitarverka á liðinni öld. Tónleikunum lýkur á öðru þekktu tónaljóði, Also sprach Zarathustra, eftir Richard Strauss þar sem tónskáldið veltir heimgátunni fyrir sér í stórfenglegu tónaljóði þar sem glæsileiki og dulúð takast á.

Barbara Hannigan hefur vakið mikla aðdáun um heim allan undanfarin ár fyrir hljómsveitarstjórn og söng. Hún hlaut meðal annars Grammy-verðlaunin árið 2018 fyrir plötuna Crazy Girl og nú síðast hin virtu Polar-tónlistarverðlaun í maí.

Íslenskir tónleikagestir þekkja Barböru Hannigan en hún hefur nú þegar stjórnað þrennum tónleikum með hljómsveitinni við frábærar undirtektir. Hannigan tekur við stöðu aðalhljómsveitarstjóra og listræns stjórnanda hljómsveitarinnar haustið 2026.

16. APRÍL

UNGIR EINLEIKARAR

24. APRÍL FÖSTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

BALDUR BRÖNNIMANN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
SIGURVEGARAR KEPPNINNAR
UNGIR EINLEIKARAR

EFNISSKRÁ KYNNT SIÐAR

Á þessum tónleikum, sem bera yfirskriftina Ungir einleikarar, kynnumst við nokkrum af björtustu framtíðarstjórnnum íslenskrar tónlistar. Tónleikarnir eru sannkölluð uppskeruhátíð, þar sem sigurvegarar í einleikara- og einsöngskeppni Sinfóníu-hljómsveitar Íslands og Listaháskóla Íslands stíga á svið með hljómsveitinni. Andrúmsloftið á þessum tónleikum er jafnan einstakt og eftirvæntingin mikil þegar ungu tónlistarfólki gefst færi á að koma fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn, á glæsilegasta tónleikasviði landsins í Eldborg.

Hljómsveitarstjóri að þessu sinni er hinn svissneski Baldur Brönnimann sem er aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi Konunglegu fílharmóníusveitarinnar og tónlistarháskólans í Galisíu á Spáni. Hann leggur mikla áherslu á fræðslustarf og vinnur reglulega með ungu fólki; heldur meistaranámskeið og vinnur með æskulýðshljómsveitum víða um heim.

Einleikarakeppnin fer fram í byrjun árs 2026 og verða nöfn sigurvegaranna birt á vef hljómsveitarinnar þegar úrslit liggja fyrir.



LAND- LIT

30. APRÍL FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

EVA OLLIKAINEN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
DENIS KOZHUKHIN EINLEIKARI

PÁLL RAGNAR PÁLSSON SINFÓNÍA. LANDLIT – FRUMFLUTNINGUR
KAROL SZYMANOWSKI SINFÓNÍA NR. 4
BÉLA BARTÓK MANDARÍNINN MAKALAUSI

Það telst til stórtíðinda þegar ný íslensk sínfónía er frumflutt. Landlit er fyrsta sínfónía Páls Ragnars Pálssonar, en Sinfóníu-hljómsveit Íslands hefur áður flutt nokkur verka hans, síðast var það fagott-konsertinn PLAY. Landlit sækir innblástur í samnefnt myndlistarverk Valgerðar Briem, fððurömmu Páls, en það er stór myndrðð sem endurspeglar áferð gróður- og bergmyndana landsins á óræðan hátt.

Rússneski píanóleikarinn Denis Kozhukhin er íslenskum tónleikagestum að góðu kunnur síðan hann sló eftirminnilega í gegn með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2019 þegar hann lék 2. píanókonsert Prokofievs. Á þessum tónleikum kemur hann fram sem einleikari í sínfóníu nr. 4 eftir Karol Szymanowski, eða Symphonie concertante. Szymanowski var eitt helsta tónskáld Póllands á fyrri hluta tuttugustu aldar, virtur bæði innanlands og utan. Fjórðu sínfóníu sína samdi hann árið 1932 og má þar glögggt heyra áhrif þjóðlaga frá heimkynnum tónskáldsins í Tatrafjöllunum. Sinfónían naut gríðarlegra vinsælda á sínum tíma og var flutt víðs vegar um Evrópu á árunum eftir frumflutninginn. Þó að sínfónían heyrst ekki eins oft nú og áður er hún enn reglulega flutt af píanóleikurum í fremstu röð.

Ballettinn um Mandarínann makalaus var frumfluttur í Þýskalandi árið 1926, en viðtökurnar urðu ekkert í líkingu við þær sem Szymanowski upplifði. Ballettinn olli miklu hneyksli vegna ósiðsamlegs inntaks og var bannaður í kjölfarið. Viðtökurnar voru jákvæðari í Prag ári síðar en sagan um ræningjana þrjá, sem nýta sér unga stúlku til að tæla til sín fórnarlömb, var stöðugt til vandræða og tilefni ritskoðunar. Það var ekki fyrr en Bartók skrifaði konsertsvítuna sem hér heyrst að tónlistin fór að hljóma víðar og þessi fjölbreytta, kraftmikla tónlist varð eftirlæti tónleikagesta um víða veröld.

VÍSNA BÓKIN

LITLI TÓNSPROTINN

9. MAÍ LAUGARDAGUR KL. 14
ELDBORG HARPA

HJÖRTUR PÁLL EGGERTSSON HLJÓMSVEITARSTJÓRI
ÞÓRUNN ARNA KRISTJÁNSDÓTTIR,
HALLGRÍMUR ÓLAFSSON,
SIGURÐUR ÞÓR ÓSKARSSON SÖGUMENN OG SÖNGVARAR
GRADUALE FUTURI,
GRADUALEKÓR LANGHOLTSKIRKJU KÓRAR
HALLDÓR PÉTURSSON MYNSKREYTING

LÖG ÚR VÍSNA BÓKINN
Í ÚTSETNINGU HRAFNKELS ORRA EGILSSONAR

Vísna bókin er klassísk gersemi sem fylgt hefur mörgum börnum og fullorðnum allt frá því að hún kom fyrst út árið 1946. Í bókinni er að finna úrval vísna og kvæða að ógleymdum myndskreytingum Halldórs Péturssonar. Á þessum fjölskyldu-tónleikum má heyra valin lög og syrpur í nýjum hljómsveitar-útsetningum Hrafnkels Orra Egilssonar.

Hver kannast ekki við lög á borð við Siggí var úti, Ég á lítinn skráttinn skugga, Fyrr var oft í koti kátt, Hann Tumi fer á fætur og Komdu kisa mín. Það eru leikararnir og söngvararnir, Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Sigurður Þór Óskarsson og Hallgrímur Ólafsson sem koma fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands ásamt Gradualekórum Langholtskirkju. Teikningum Halldórs verður varpað upp á stóra tjaldid í Eldborg á meðan á tónleikunum stendur.

Tónleikarnir eru um klukkustundarlangir, án hlés.



HEIMSÓKN Á AKRANES

15. MAÍ FÖSTUDAGUR KL. 19
ÍÞRÓTTAHÖLLIN Á JAÐARSBÖKKUM
HJÖRTUR PÁLL EGGERTSSON HLJÓMSVEITARSTJÓRI
EINSÖNGVARAR
KÓRAR

Sinfóníuhljómsveit Íslands er það mikið kappsmál að allir landsmenn fái notið tónleika hennar. Stefnumót sveitarinnar við áheyrendur víða um landið eru ævinlega skemmtileg og gefandi. Vorið 2025 heimsótti hljómsveitin nokkra þéttbýlisstaði á Suðurlandi en nú er ferðinni heitið upp á Akranes. Þar njótum við enn einu sinni afraksturs blómlegs tónlistarstarfs um allt land og bjóðum upp á sannkallaða söngveislu með kórum og einsöngvurum af Vesturlandi. Um tónsprotann heldur Hjörtur Páll Eggertsson en einsöngvarar eru þau Benedikt Kristjánsson, Hanna Ágústa Olgeirsdóttir, Björg Þórhallsdóttir, Hanna Þóra Guðbrandsdóttir og Kristín Sveinsdóttir. Kórarnir sem koma fram með hljómsveitinni eru Freyjukórinn, Kvennasveitin Skaði, Karlakórinn Söngbræður, Karlakórinn Heiðbjört, Karlakórinn Svanir, Kvennakórinn Ymur, Gleðigjafar, Hljómur og Kór Akraneskirkju.

Aðgangur er ókeypis og eru öll velkomin.



MAGNÚS JÓHANN PORTRETT

FÖSTUDAGSRÖÐ



22. MAÍ FÖSTUDAGUR KL. 18
NORÐURLJÓS HARPA

ROSS JAMIE COLLINS
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Magnús Jóhann Ragnarsson skapað sér viðurkenningu sem óvenju fjölhæfur tónlistarmaður á flestum sviðum tónlistar; sem tónskáld, hljómborðsleikari og upptökustjóri. Hann hefur fengist við fjölbreyttar stefnur og stíltegundir í tónlist, allt frá innhverfum djassi, sígildum dægurlögum, ómstríðri strengjatónlist til framsækinnar raftónlistar. Hann hefur nú gefið út níu hljóðrit, sína eigin tónlist og í samstarfi við söngkonuna GDRN og djassleikarana Skúla Sverrisson og Óskar Guðjónsson. Magnús Jóhann var valinn tónlistarflytjandi ársins í opnum flokki á Íslensku tónlistarverðlaununum 2023 og 2025. Á þessum tónleikum flytur Magnús Jóhann eigin tónlist í fjölbreyttum hljómsveitarútsetningum. Magnús leikur ekki eingöngu á píanó og hljómborð heldur hefur hann að undanfögnu þjálfað sig í leik á hið dulmagnaða hljóðfæri Ondes Martenot sem fær einnig að njóta sín á þessum tónleikum.

Tónleikarnir eru um klukkustundarlangir, án hlés.

MAHLER

Á LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

29. MAÍ FÖSTUDAGUR KL. 19:30
30. MAÍ LAUGARDAGUR KL. 17
ELDBORG HARPA

EVA OLLIKAINEN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
BRYNDÍS GUÐJÓNSDÓTTIR,
ÁLFHEIÐUR ERLA GUÐMUNDSDÓTTIR,
DÍSELLA LÁRUSDÓTTIR, ANNA KISSJUDIT,
HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR, SIMON O'NEILL,
ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON
OG TÓMAS TÓMASSON EINSÖNGVARAR

MÓTETTUKÓRINN, HLJÓMEYKI,
SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA, KÓR LANGHOLTSKIRKJU
OG SKÓLAKÓR KÁRSNESS KÓRAR

STEFAN SAND, MAGNÚS RAGNARSSON
OG ÁLFHEIÐUR BJÖRGVINSDÓTTIR KÓRSTJÓRAR

GUSTAV MAHLER SINFÓNÍA NR. 8

„Áttunda sinfónían er gjörólík öllum öðrum verkum mínum, bæði að efni og stíl og án efa það stærsta sem ég hef nokkru sinni gert. Ég held að ég hafi ekki nokkru sinni unnið af jafnstærkri innri hvöt. Þetta var eins og leiftursýn – ég sá allt verkið fyrir mér í einni svipan líkt og það væri lesið fyrir mig og þurfti aðeins að skrá það niður.“

GUSTAV MAHLER

Flutningur á 8. sinfóníu Mahlers er án nokkurs vafa stórviðburður í íslensku tónlistarlífi og markar tímamót í sögu Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þetta stórvirki tónlistarsögunnar hefur aldrei áður verið flutt hér á landi og nú er öllu tjaldað til. Sinfónían hlaut snemma viðurnefnið sinfónía þúsundanna þar sem flutningur hennar kallar á óvenjulegan fjölda flytjenda, jafnt söngvara sem hljóðfæraleikara. Á sviðinu verða á fjórða hundrað flytjendur, óvenjustór hljómsveit, átta einsöngvarar, kór og barnakór. Mahler samdi þetta áhrifaríka tónverk á aðeins sex vikum árið 1906, sem risavaxinn fagnaðaróð til kærleikans og mennskunnar, fullan bjartsýni og trúar á mannkynið. Mahler var sannfærður um að skilaboð verksins ættu erindi við heimsbyggðina og enn í dag er flutningur verksins í raun alþjóðlegur tónlistarviðburður í hvert sinn.

Þessir tónleikar verða einnig kveðjustund Evu Ollikainen sem aðalstjórnanda, en hún hefur verið aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 2020.

Tónleikarnir eru samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands.



A close-up portrait of Hildur Guðnadóttir, a woman with long, wavy brown hair, looking slightly to the side with a soft expression. She is wearing a dark, sleeveless top. The background is dark and out of focus.

NÆRMYND HILDUR GUÐNADÓTTIR

Á LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

4. JÚNÍ

„Ég nálgast kvikmyndatónlist á svipaðan hátt og ég ímynda mér hvernig er að eiga samtál ... Ég held að áhugaverðustu samtölin séu þau þar sem sérhver þátttakandi fær rými, bæði til að leggja eitthvað til málanna, en fáí einnig rými til að hlusta.“

HILDUR GUÐNADÓTTIR Í VIÐTALI VIÐ LITTLE WHITE LIES

4. JÚNÍ FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

DANÍEL BJARNASON HLJÓMSVEITARSTJÓRI
HILDUR GUÐNADÓTTIR GESTGJAFI OG EINLEIKARI Á SELLÓ
TÓNLIST EFTIR HILDI GUÐNADÓTTUR OG FLEIRI

Sinfóníuhljómsveit Íslands og Listahátíð í Reykjavík kynna heillandi kvöldstund með tónskáldinu Hildi Guðnadóttur, þar sem brugðið er upp myndum af starfi hennar á síðustu árum. Hildur er eitt fremsta kvikmyndatónskáld samtímans og margverðlaunuð fyrir störf sín, hlaut til dæmis Emmy- og Grammyverðlaun árið 2019 fyrir tónlistina í sjónvarpsþáttunum Chernobyl og Óskarsverðlaun árið 2020 fyrir tónlistina við kvikmyndina Joker. Hér leiðir listakonan sjálf dagskrá þar sem hún segir frá verkum sínum, áhrifavöldum og glímunni við að styrkja frásögn kvikmyndarinnar með áhrifamikilli tónlist. Efnisskráin er samsett af tónlist Hildar sjálfar, t.d. úr kvikmyndunum Joker, Tár og Haunting in Venice. Einnig verður flutt tónlist sem haft hefur mikil áhrif á Hildi í gegnum tíðina, m.a. úr smíðju Arvo Pärt, Ryuichi Sakamoto, Mika Levi, Kaija Saariaho og Alvin Lucier.

Tónleikarnir eru samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Í ÚTVARPI OG SJÓNVARPI ALLRA LANDSMANNA



Saga Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpsins er samofin og í áratugi hafa hlustendur Rásar 1 um allt land getað hlýtt á tónleika hljómsveitarinnar í beinni útsendingu á Rás 1. Mikil áhersla er lögð á vandaða dagskrárgerð í tengslum við tónleikana. Hægt er að nálgast upptökur frá tónleikum og Á leið í tónleikasal á ruv.is. RÚV sjónvarpar einnig beint frá Klassikinni okkar í ágúst árlega og sjónvarpar frá nokkrum völdum áskriftartónleikum á starfsárinu auk þess að sýna Jólatónleikana í sjónvarpinu.

VINAFÉLAG SINFÓNÍUNNAR



Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands er öflugur vettvangur fyrir þá sem láta sig starfsemi hljómsveitarinnar miklu varða. Félagið hefur í gegnum tíðina staðið fyrir tónleikakynningum, fyrirlesturum og málþingum um sígilda tónlist og hefur einnig styrkt fjárhagslega ákveðin verkefni tengd hljómsveitinni.

Allir geta orðið meðlimir í Vinafélaginu — skráðu þig á sinfonia.is/vinafelag eða í miðasölu Hörpu.

TÓNLEIKA- KYNNINGAR



Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands býður í samvinnu við hljómsveitina upp á tónleikakynningar fyrir alla áskriftartónleika á starfsárinu. Á kynningunum gefst tónleikagest-um tækifæri til að fræðast um efnisskrána í tali og tónum. Veitingasalan hefst í Hörpuhorni kl. 18:00 og geta gestir setið í notalegu umhverfi og notið veitinga. Sjálf kynningin hefst kl. 18:20 og stendur í um hálf tíma. Tónleikakynningar eru haldnar í Hörpuhorni á 2. hæð, fyrir framan Eldborg. Aðgangur er ókeypis og öll eru velkomin.

SKÓLAKORTIÐ — YNGRI EN 25 ÁRA



Námsmenn yngri en 25 ára eiga kost á frábæru tilboði til að njóta tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Námsmenn ná sér í Skólakort Sinfóníunnar í miðasölu Hörpu eða skrá sig á vef hljómsveitarinnar sinfonia.is/skolakort. Á tónleikadegi geta skólakortshafar keypt miða á alla almenna áskriftar-tónleika Sinfóníunnar á aðeins 2.490 kr. Hægt er að kaupa miða á þessum bestu kjörum hvar sem er í salnum, allt eftir því hvað er laust á tónleikadegi. Það er ekki hægt að láta svona kostakjör renna sér úr greipum.

OPNAR ÆFINGAR



Sinfóníuhljómsveitin opnar dyrnar að lokaæfingum á tónleikadegi fyrir flesta áskriftartónleika. Hægt er að kaupa aðgang að æfingunum í miðasölu Hörpu, á harpa.is og sinfonia.is. Lokaæfing hefst kl. 10:00 en aðgangur er takmarkaður við ákveðin sæti í Eldborg á 1. svölum. Þetta er tilvalið tækifæri til að dýpka upplifun og skilning á tónlistinni sem flutt verður á tónleikum um kvöldið. Tekið skal fram að opnu æfingarnar eru vinnuæfingar og dagskrá þeirra því ekki endilega í fullu samræmi við tónleika kvöldsins.

FRÆÐSLUSTARF OG SKÓLA- TÓNLEIKAR



Öflugt og fjölbætt fræðslustarf er mikilvægur þáttur í starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og hefur verið allt frá stofnun hennar. Fræðslustarfið er í stöðugri fram þróun þar sem áhersla er lögð á gæði, fjölbreytileika, inngildingu og samstarf. Skólatónleikar fyrir nema á öllum skólastigum og skólaheimsóknir eru fastur liður í starfsemi hljómsveitarinnar. Auk þess stendur hljómsveitin fyrir Ungsveitarnámskeiði, einleikarakeppni ungra einleikara í samvinnu við Lista-háskóla Íslands og hljómsveitarstjóraakademíu fyrir tónlistarnema.


Frekari upplýsingar: sinfonia.is/fraedslustarf.

NÝ TÓNVERK — PANTANIR



Sinfóníuhljómsveit Íslands stuðlar að nýsköpun íslenskra tónverka; bæði með því að taka til flutnings ný og eldri verk sem send eru inn til verkefnavalsnefndar, en hljómsveitin hefur einnig haft frumkvæði að því að panta ný verk af íslenskum tónskáldum. Á komandi starfsári verða fjögur tónverk frumflutt sem Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur pantað, ýmist ein eða í samstarfi við aðrar hljómsveitir. Það eru verkin Before we fall (sellókonsert) eftir Önnu Þorvaldsdóttur, I Want To Be Alive – Þríleikur fyrir hljómsveit eftir Daníel Bjarnason, Dægrin eftir Báru Gísladóttur og Sinfónía. Landlit eftir Pál Ragnar Pálsson.

HLJÓMSVEITAR- STJÓRAR & STAÐAR- LISTAMENN



EVA OLLIKAINEN
AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen hefur verið aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá haustinu 2020. Hún stundaði tónlistarnám við Sibeliusarakademiuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003. Samstarf hennar við Sinfóníuhljómsveit Íslands spannar 20 ár eða allt frá árinu 2005. Eva hefur stjórnað mörgum virtum hljómsveitum, meðal annars útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, fílharmóníusveitunum í Helsinki og Stokkhólmi, Sinfóníuhljómsveitinni í Vínarborg, Staatskapelle Dresden og Sinfóníuhljómsveit breska útvarpsins (BBC).

Starfsárið 2025/26 stjórnar Eva hljómsveitinni á sjö tónleikum í Hörpu og á sex tónleikum í Evrópuferð hljómsveitarinnar. Þá mun Eva stjórna hljóðupptökum og leiðbeina nemendum í hljómsveitarstjóraakademíu SÍ. Eva mun kveðja sem aðalhljómsveitarstjóri með Íslandsfrumflutningi á 8. sinfóníu Mahlers á Listahátíð í Reykjavík vorið 2026.



TOMÁŠ HANUS
AÐALGESTASTJÓRNANDI

Hljómsveitarstjórinn Tomáš Hanus hefur tekið við stöðu aðalgestastjórna Sinfóníuhljómsveitar Íslands og mun gegna þeirri stöðu starfsárin 2025/26 og 2026/27. Hanus mun stjórna hljómsveitinni á tvennum tónleikum í Eldborg á hvoru starfsári. Tomáš Hanus er hljómsveitinni og íslenskum tónleikagestum ekki alls ókunnur enda hefur hann verið reglulegur gestastjórnnandi hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Hanus hefur verið aðalhljómsveitarstjóri Þjóðaróperunnar í Wales frá haustinu 2016. Hann hefur stjórnað mörgum þekktum hljómsveitum í Evrópu; Sinfóníuhljómsveit Lundúna (London Symphony Orchestra) og breska ríkisútvarpsins (BBC Symphony Orchestra), Þýsku sinfóníuhljómsveitinni í Berlín og fjölmörgum öðrum. Hanus hefur verið tíður gestastjórnnandi við Ríkisóperuna í Vínarborg og stjórnað óperuuppfærslum við Bæheimsku ríkisóperuna í München, við Þjóðaróperuna í París og La Scala í Milanó. Á þessu starfsári stjórnar Tomáš Hanus hljómsveitinni á tónleikum 20. nóvember og 5. mars.



KIAN SOLTANI
STAÐARLISTAMAÐUR

Kian Soltani er einn fremsti sellóleikari samtímans, rómaður fyrir tæknilega fullkomnun og tilfinningalega túlkun. Soltani, sem er Austurríkismaður af persneskum ættum, fléttar gjarnan saman tónlistarhefðum austurs og vesturs, til að mynda í hljóðritunum sínum fyrir Deutsche Grammophon. Hann hefur tvisvar sótt Ísland heim, þegar hann lék með hljómsveitinni sellókonsertera Roberts Schumann og Edwards Elgar. Flutningur hans vakti mikla hrifningu og var honum boðið að vera staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2025/26.

Á starfsárinu kemur Soltani fram með sveitinni á þrennum tónleikum í Eldborg þar sem hann flytur sellókonsert í C-dúr eftir Haydn undir stjórn Mirians Khukhunaishvili og sellókonsertera eftir Lutosławski og Elgar. Soltani verður jafnframt einleikari í Evrópuferð sveitarinnar og mun leika einleik á öllum sex tónleikum ferðarinnar.



ANNA ÞORVALDSDÓTTIR
LISTAMAÐUR Í SAMSTARFI

Anna Þorvaldsdóttir hefur skipað sér í fremstu röð tónskálda á heimsvísu undanfarin ár og semur m.a. stór sinfónísk verk fyrir helstu hljómsveitir heims. Berlínarfílharmónían og Fílharmóníusveit New York borgar hafa til að mynda frumflutt eftir hana tónverk á undanförunum árum. Anna verður áfram listamaður í samstarfi hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands starfsárið 2025/26. Anna gegndi hlutverki staðartónskálds SÍ frá árinu 2018 til ársloka 2023 en samstarf hennar við hljómsveitina spannar enn lengri tíma. Á starfsárinu mun hljómsveitin Íslandsfrumflytja Before we fall, nýjan sellókonsert eftir Önnu, sem saminn var fyrir Johannes Moser. Þá verður verkið ARCHORA flutt á tónleikum hér heima og á öllum tónleikum í Evrópuferð sveitarinnar að vori. Hljómsveitin stendur einnig að þöntun á nýrri sinfóníu eftir Önnu Þorvaldsdóttur sem frumflutt verður á starfsárinu 2026/27.




DANÍEL BJARNASON
LISTAMAÐUR Í SAMSTARFI

Daníel Bjarnason hefur átt farsælt samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands í rúman áratug, sem hljómsveitarstjóri og tónskáld. Hann var staðarlistamaður á árunum 2015 til 2018 og aðalgestastjórnandi á árunum 2019 til 2021, en starfar nú með sveitinni sem listamaður í samstarfi. Tónsmíðar Daníels hafa vakið mikla athygli utan landsteinanna og hafa verið frumflutt eftir hann verk hjá helstu hljómsveitum heims. Á starfsárinu 2025/26 mun Daníel stjórna hljómsveitinni í eigin verki, I Want To Be Alive. Þá stjórnar hann tónleikum með verkum Caroline Shaw þar sem hún er einnig í einleikshlutverkinu. Að lokum mun Daníel stjórna hljómsveitinni í hljóðritunum hjá útgáfufyrirtækinu Sono Luminus.



OSMO VÄNSKÄ
HEIÐURSSTJÓRNANDI

Finnski hljómsveitarstjórinn Osmo Vänskä var aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árunum 1993–1996. Vänskä nýtur mikillar virðingar á alþjóðavettvangi og náði frábærum árangri með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann tók við stöðu heiðursstjórnanda SÍ árið 2014 og hefur síðan að jafnaði stjórnað einum tónleikum á hverju starfsári. Vänskä var um árabíl aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Lahti í Finnlandi og var aðalstjórnandi Minnesota-hljómsveitarinnar 2003 til 2022. Hann tók við stöðu aðalstjórnanda Filharmoníusveitarinnar í Seúl í Suður-Kóreu árið 2020 og gegndi henni til 2023. Hljóðritanir hans hafa hlotið mikið lof og hefur hann hljóðritað með Sinfóníuhljómsveit Íslands nokkur hljómsveitarverk Jóns Leifs fyrir BIS-útgáfuna, meðal annars Sögusinfóníuna. Á starfsárinu mun Osmo stjórna á tónleikum þann 13. nóvember þar sem hljómsveitin flytur verk eftir Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur, Dmitrij Shostakovitsj og Sergej Prokofiev.



VLADIMIR ASHKENAZY
AÐALHEIÐURSSTJÓRNANDI

Vladimir Ashkenazy vakti fyrst alþjóðlega athygli þegar hann hlaut önnur verðlaun í Chopin-keppninni í Varsjá árið 1955, og síðan fyrstu verðlaun í Queen Elisabeth-keppninni í Brussel 1956 og Tsjaikovskij-keppninni í Moskvu 1962. Ashkenazy á að baki glæsilegan feril í hljóðverinu og hefur hlotið sjö Grammy-verðlaun, m.a. sem besti einleikari með hljómsveit, fyrir bestu kammerhljóðritun og besta einleiksdisk. Samstarf Ashkenazy og Sinfóníuhljómsveitar Íslands spannar meira en hálfa öld. Hann kom fyrst fram með hljómsveitinni árið 1964 og stjórnaði henni í fyrsta sinn árið 1971. Hann hefur verið heiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 2002. Ashkenazy gegndi lykilhlutverki í því að hvetja ráðamenn til byggingar tónlistarhúss í Reykjavík og stjórnaði opnunartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu vorið 2011. Forseti Íslands sæmdi Ashkenazy stórkrossi hinnar íslensku fálkaorðu í apríl 2018 fyrir framlag hans til íslensks tónlistar- og menningarlífs. Ashkenazy lagði tónsprotann endanlega á hilluna árið 2020.

Taktu skrefið og fjárfestu til framtíðar í sjóðum Kviku eignastýringar



KV\KA
Eignastýring





SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS 2025 – 2026

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
fyrsti konsertmeistari
NN*
annar konsertmeistari
Una Sveinbjarnardóttir
þriðji konsertmeistari
Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Skelton
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Laufey Jensdóttir
Laura Liu
Lin Wei
Margrét Kristjánsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Pálína Árnadóttir
Zbigniew Dubik
NN*
NN*

2. FIÐLA

NN*
Gunnhildur Daðadóttir
Hekla Finnsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Justyna Bidler
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross
NN*
NN*
NN*

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þoríris
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Hrunn Harðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Sarah Buckley
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
NN*

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Guðný Jónasdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Urh Mrak

BASSI

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

NN*
Áshildur Haraldsdóttir
NN*

ÓBÓ

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

KLARINETT

NN*
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Clara Manaud
Brjánn Ingason
Bryndís Þórsdóttir

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
NN*
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
NN*

TROMPET

NN*
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

BASSABÁSÚNA

David Bobroff

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PÍANÓ

Liam Kaplan

PÁKUR

Soraya Nayyar

SLAGVERK

NN*
Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkeldsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrágerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Dagrun Hálfdánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvít Hrólfisdóttir
fjármálastjóri
Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfisdóttir
sviðsmaður

STJÓRN

Sigurður Hannesson
formaður
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Margrét Pálmadóttir
Emil Friðfinnsson
Ragnar Jónasson

VERKEFNAVALSNEFND

2024–25
Tryggvi M. Baldvinsson
Eva Ollikainen
Grímur Helgason
Hjördís Ástráðsdóttir
Margrét Ragnarsdóttir
Ragnar Jónasson
Sigrún Eðvaldsdóttir
Soraya Nayyar
Valdís Þorkeldsdóttir
Urh Mrak

* í ráðningarkerfi

TVG-ZIMSEN

FLUTNINGSMIÐLUN

STOLTUR BAKHJARL
SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS
Í FLUTNINGUM

TRYGGÐU ÞÉR GOTT SÆTI Á BETRA VERÐI

ALMENNT MIÐAVERÐ

Miðaverð á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands getur verið breytilegt. Boðið er upp á ólík verðsvæði í Eldborg og því ættu allir að geta valið sér sæti. Nánari upplýsingar um verð á einstaka tónleika er að finna á [sinfonia.is](#) og í [miðasölu Hörpu](#).

ÁSKRIFTAKORT


Áskrift að tónleikaröðum og Regnbogakorti Sinfóníuhljóm-sveitarinnar veitir 20% afslátt af almennu miðaverði. Tvær raðir veita 25% afslátt af miðaverði og þrjár raðir veita 30% afslátt. Áskrifendur fá einnig 10% afslátt af viðbótarmiðum á alla tónleika. Endurnýjun og sala korta fer fram á [sinfonia.is](#) og í [miðasölu Hörpu](#).

GJAFAKORT SINFÓNÍUNNAR

Gjafakort Sinfóníunnar fást í [miðasölu Hörpu](#) og á [sinfonia.is](#). Þau eru tímalaus og renna ekki út. Hægt er að prenta út rafræn gjafakort strax eða fá þau afhent í sérstökum gjafaumbúðum Sinfóníunnar í [miðasölu Hörpu](#).

Miðasala Hörpu er opin alla daga vikunnar kl. 10 – 18 og lengur á tónleikavöldum. Hægt er að hafa samband við miðasöluna í síma **528 5050** og á midasala@harpa.is.

	RAUÐ RÖÐ 7 TÓNLEIKAR	GUL RÖÐ 7 TÓNLEIKAR	GRÆN RÖÐ 5 TÓNLEIKAR	LITLI TÓNSPROTINN 4 TÓNLEIKAR
1	52.880 kr.	49.920 kr.	36.000 kr.	13.040 kr.
1+	61.200 kr.	58.240 kr.	42.080 kr.	13.040 kr.
2	40.080 kr.	38.720 kr.	28.000 kr.	10.632 kr.
3	29.840 kr.	28.312 kr.	20.472 kr.	10.632 kr.
4	19.072 kr.	17.544 kr.	12.760 kr.	



Útgefandi: Sinfóníuhljómsveit Íslands vorið 2025

Ritstjórn: Margrét Ragnarsdóttir

Textar: Tryggvi M. Baldvinsson, Margrét Ragnarsdóttir,
Hjördís Ástráðsdóttir og Guðni Tómasson
Hönnun og umbrot: Aton
Myndskreytingar: Sigurður Ýmir
Hópmynd af hljómsveit: Ari Magg
Ljósmyndir: Ýmsir
Prentun: Litróf, umhverfisvottuð prentsmiðja

Athugið að tilhögun tónleika, miðaverð og annað
sem greint er frá í þessum bæklingi kann að breytast
án fyrirvara. Nýjustu upplýsingar er ávallt að finna
á vef Sinfóníuhljómsveitar Íslands, [sinfonia.is](#).

Sinfóníuhljómsveit Íslands
Harpa, Austurbakka 2, 101 Reykjavík
Sími 545 2500



MIÐASALA Í HÖRPU — SINFONIA.IS HARPA.IS — 528 50 50 — @ICELANDSYMPHONY #SINFÓ



Stjórnarráð Íslands
Menningar-, nýsköpunar
og háskólaráðuneytið



Reykjavík

SAMTSTARFSABILI

Radisson BLU
1919 HOTEL, REYKJAVÍK

STOLTUR BAKHJARL

KVÍKA
Eignastýring

BAKHJARL Í FLUTNINGUM

TVG-ZIMSEN